



BA-ritgerð

Félagsráðgjöf

Er betrunarstefna lykllinn að árangri í fangelsisvist á Íslandi?

Betrun, mikilvægi félagsráðgjafa og úrræði í
fangelsismálakerfinu á Íslandi

Tara Ósk Jóhannsdóttir

Ásta Snorradóttir
Júní 2018



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGS- OG MANNVÍSINDAEILD

Er betrunarstefna lykillinn að árangri í fangelsisvist á Íslandi?

Betrun, mikilvægi félagsráðgjafa og úrræði í fangelsismálakerfinu á Íslandi

Tara Ósk Jóhannsdóttir

090994-2209

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf

Leiðbeinandi: Ásta Snorradóttir

12 einingar

Félagsráðgjafardeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2018

Er betrunarstefna lykillinn að árangri í fangelsisvist á Íslandi?

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Tara Ósk Jóhannsdóttir, 2018.

Reykjavík, Ísland, 2018

Útdráttur

Lengi vel voru fangelsi ekki til staðar á Íslandi eða alveg fram á 18.öld. Fangelsistefna hefur verið í þróun hér á landi á undanförunum árum. Refsingar sem fólk fékk ef það braut af sér áður fyrr voru líkamlegar refsingar, aflimun eða brennimerking, sem tíðkuðust hér á landi allt fram á 18. öld. Umræðan seinustu ár um málefni fanga hefur breyst og lagt hefur verið aukin áhersla á að auka betrun innan veggja fangelsa og draga úr þeirri refsistefnu sem hefur verið allsráðandi í stefnu dómsmála hér á landi. En til að þessi breyting nái fram að ganga þarf að leggja aukna áherslu á að auka fjármagn til að fá fleiri fagaðila inn í fangelsin til að hægt sé að stuðla að og fylgja eftir þeirri betrunarstefnu sem lagt var áherslu á með breytingu á löggjöfnni um fullnustu refsinga nr. 15/2016. Rannsóknir sem framkvæmdar hafa verið á Norðurlöndunum hafa sýnt að betrun minnkar endurkomutíðni fanga í fangelsin og fækkar afbrotum í samfélaginu. Í þessari ritgerð verður lögð áhersla á mikilvægi betrunarstefnu og hún skoðuð út frá sjónarhorni félagsráðgjafa og hvernig birtingarform betrunar er hér á landi. Fjallað verður um bæði lokuð og opin úrræði í fangelsismálakerfinu og hvernig menntun félagsráðgjafa getur nýst í vinnu með föngum. Auk þess er lögð áhersla á það sem er ábótavant í fangelsismálakerfinu á Íslandi. Niðurstöður rannsóknar leiddu í ljós að of fáir fagaðilar vinna hjá Fangelsismálastofnun og ná þeir ekki að mæta eftirspurn fanganna og þarf að leggja meira fjármagn í þann málaflokk. Auk þess þarf að leggja meiri áherslu á betrun því þótt lögð sé áhersla á þá stefnu í nýju löggjöfnni er hún ekki mikil í framkvæmd innan veggja fangelsa hér á landi. Lítil sem engin aðstoð fagaðila er til staðar innan fangelsanna. Fangar gefst kostur að mennta sig og vinna er í boði fyrir þá, sem er ekki nóg. Mikilvægt er að leggja aukna áherslu á fangelsismálakerfið á Íslandi til að draga úr afbrotum og endurkomutíðni fanga en til þess þarf að fjölga úrræðum og auka fjármagn úr ríkissjóði inn í fangelsismálakerfið.

Formáli

Þessi heimildaritgerð, Er betrunarstefna lykillinn að árangri í fangelsisvist á Íslandi? er 12 ECTS eininga lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands.

Höfundur vill byrja á því að þakka leiðbeinanda sínum, Dr. Ástu Snorradóttur, fyrir að vera alltaf til staðar í gegnum þessa ritsmíð og hversu fljót hún var að svara tölvupósti þegar eitthvað bjátaði á. Auk þess kom hún með góðar og gagnlegar ábendingar um ritgerðina og hjálpaði höfundi að halda geðheilsu sinni í gegnum allt ferlið. Ég vil þakka foreldrum mínum fyrir að hafa haft alltaf trú á mér í gegnum allt námið, líka þegar ég hafði enga trú á sjálfri mér. Auk þess vil ég þakka Andreu Magnúsdóttur fyrir alla lærdómshittingana og félagsskapinn sem hún veitti mér við smíði þessarar ritgerðar, án hennar hefði sjálfsaginn verið minni og ferðirnar á Landsbókasafn Háskóla Íslands ekki verið eins margar. Að lokum vil ég þakka kærasta mínum og fjölskyldu fyrir góðan og mikilvægan stuðning, án þeirra hefði þetta nám og þessi ritgerð ekki orðið að veruleika.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Formáli	4
Efnisyfirlit	5
1 Inngangur	6
2 Betrunarstefna	8
2.1 Menntun fanga.....	10
2.2 Vinna fanga	11
3 Staða fangelsismála á Íslandi	13
3.1 Opið og lokað fangelsi.....	14
3.2 Bakgrunnur fanga.....	15
3.3 Breyting á löggjöfinni um fullnustu refsinga	17
4 Afbrot á Íslandi	19
4.1 Endurkomutíðni fanga á Íslandi	20
5 Sýn félagsráðgjafa	21
5.1 Kerfiskenningin og Vistfræðikenningin	21
5.2 Valdeflingakenningin.....	23
5.3 Styrkleika- og lausnamiðaða kenningin.....	24
6 Lokuð og opin úrræði á Íslandi	27
6.1 Fangelsið Hólmsheiði, Litla Hraun og Akureyri.....	27
6.2 Sogn og Kvíabryggja	28
6.3 Áfangaheimilið Vernd.....	30
6.4 Rafrænt eftirlit	31
6.5 Reynslulausn	32
6.6 Samfélagsþjónusta	33
6.7 Meðferðarheimilið Hlaðgerðakot	34
7 Mikilvægi starfa félagsráðgjafa í fangelsum á Íslandi	35
8 Umræða og lokaorð	37
Heimildaskrá	41

1 Inngangur

Á síðustu árum hefur umræðan um fangelsismál á Íslandi aukist. Áhersla hefur verið lögð á að auka þurfi betrun í fangelsum og að fangar fái greiðari aðgang að fagaðilum, eins og til dæmis félagsráðgjöfum, sálfræðingum og heilbrigðisþjónustu. Auk þess hefur þekking í þessum málaflokki verið að aukast samhliða og fleiri rannsóknir komið fram, bæði erlendar og innlendar.

Fangelsisstefna hefur verið að þróast í samtímanum sem lausn á afbrotum í íslensku samfélagi. Allt fram að 18. öld var líkamlegum refsingum beitt, eins og að brennimerkja einstaklinga og aflima en sjaldgæfara var að fólk væri vistað til lengri tíma innan fangelsa. Hér á landi tíðkaðist einnig að senda afbrotamenn í útlegð eða skógargöngu. Í dag eru menn vistaðir bak við lás og slá og missa því tíma frá samfélaginu á meðan, sem gæti verið mikilvægur fyrir þá (Vernd, 2008).

Markmið með rannsókninni er að svara rannsóknarspurningunum, sem eru: Er betrunarstefna lykillinn að árangri í fangelsisvist á Íslandi? Er þörfum fanga á Íslandi mætt með betrun í huga? Og eru félagsráðgjafar mikilvæg stétt til að hjálpa föngum að mæta þörfum sínum og til að hjálpa þeim að fóta sig í framhaldinu í samfélaginu? Ástæða þess að höfundur valdi þetta ritgerðarefni er sú að hann telur mikilvægt að leggja áherslu á betrun í fangelsismálum á Íslandi til að draga úr endurkomutíðni fanga. Að auki áhersla verði lögð á starf félagsráðgjafa í vinnu með þeim til að hjálpa þeim að vinna úr sínum málum. Að stuðlað verði að því að þeir komi aftur út í samfélagið sem betri manneskjur og fái stuðning við það sem er mikilvægt til þess að einstaklingar geti fótað sig aftur í lífinu. Áhugi höfundar á réttarfélagsráðgjöf kviknaði eftir að hafa setið áfangann í Háskóla Íslands auk þess hefur áhuginn legið á þessu sviði lengi þar sem höfundur eyddi hluta af ævi sinni á Stokkseyri og keyrði daglega fram hjá Litla Hrauni. Fannst honum áhugavert að velta fyrir sér hvaða starfsemi væri á bak við þessar háu girðingar. Þegar höfundur fór að skoða nánar hvaða efni hann ætti að skrifa um var betrun í fangelsismálastefnu það málefni sem vakti áhuga hans og auk þess hefur þetta málefni fengið lítið vægi í umfjöllun í samfélaginu. Margir hafa velt fyrir sér þeirri

spurningu af hverju sömu einstaklingar fari síendurtekið aftur á bak við lás og slá hér á landi og hvað sé hægt að gera til að draga úr því.

Ritgerðin skiptist í átta kafla. Í öðrum kafla verður fjallað um betrunarstefnu og hvað felst í betrun. Í þriðja kafla verður farið yfir stöðu fangelsismála á Íslandi. Farið verður yfir helstu lög sem snúa að málefnum fanga og hver munur sé á opnu og lokuðu fangelsi. Auk þess verður umfjöllun um bakgrunn fanga til þess að skilja betur hverjir það eru sem eru í þessu kerfi. Í fjórða kafla verður greint frá afbrotum á Íslandi og endurkomutíðni skoðuð. Í fimmta kafla verður fjallað um sýn félagsráðgjafa og þær vinnuaðferðir sem þeir geta nýtt í vinnu með föngum en sú umfjöllun varpar ljósi á mikilvægi þeirra í þessu kerfi. Í sjötta kafla er fjallað um þau úrræði, bæði lokuð og opin sem snúa að vistun einstaklinga sem hafa fengið dóm og þá helst hvaða betrun er í boði á hverjum stað fyrir sig. Í sjöunda kafla verður farið yfir vinnu félagsráðgjafa í fangelsismálakerfinu hér á landi og rætt um mikilvægi þess að hafa þá starfandi innan kerfisins og hversu bágborin staðan er í þeim málum því það vantar fleiri til starfa með föngum í fangelsismálakerfinu á Íslandi. Í áttunda kafla verða helstu niðurstöður rannsóknarspurninganna dregnar fram og ræddar.

2 Betrunarstefna

Einstaklingur sem afplánar dóm í fangelsi losnar úr því einn daginn og kemur aftur út í samfélagið á ný. Í fangelsum hér á landi er við lýði betrunarstefna þar sem lögð er áhersla á hvernig einstaklingurinn vill verja tíma sínum í fangelsisvistinni, sem mun gagnast honum og hjálpa honum út í samfélagið á ný. Að einstaklingurinn breyti lífverni sínu til hins betra. Einstaklingur sem afplánar dóm nýtir þá fangelsisvistina í það að vinna í sjálfum sér og sínum málum, lærir nýja siði og í kjölfarið breytir lífi sínu til hins betra. Það skilar bæði árangri fyrir einstaklinginn sjálfan og samfélagið í heild þegar hann losnar aftur út (Birna Stefánsdóttir, 2016). Þróun betrunarstefnu á Íslandi í fangelsismálum kemur frá Norðurlöndunum, en við horfum mikið til þeirra í ýmsum málefnum. Í Danmörku er lögð áhersla á að fagaðilar vinni með föngum. Áhersla er lögð á verknám og framleiðslu ýmis varnings sem seldur er svo á almennum markaði. Í Noregi hefur verið einblínt á vistun utan fangelsis, opin úrræði en helmingur allra fangelsa í Noregi fylgja þeirri stefnu. Endurkomutíðni í fangelsi í Noregi er sú lægsta á Norðurlöndunum og hefur áherslan á opið úrræði skilað árangri. Á Íslandi hefur sjónum verið beint að atvinnuþátttöku fanga og nám, auk þess hafa opnu úrræðin í fangelsismálakerfinu verið aukin (Afstaða, 2014; Birna Stefánsdóttir, 2016).

Til að stuðla að því snýr betrunarstefnan að því að gerð sé einstaklingsmiðuð vistunaráætlun í upphafi afplánunar í samráði milli fagaðila og einstaklings. Áætlun snýst um það hvernig hann vill nýta tíma sinn meðan hann afplánar fangelsisvist sína og er hún gerð með hvern og einn einstakling í huga sem afplánar dóm, hún er þannig einstaklingsmiðuð. Áætlunin inniheldur það sem fanginn ætlar að leggja áherslu á í fangelsisvistinni, eins og til dæmis að hann mennti sig og vinni í sjálfum sér undir leiðsögn fagaðila. Hann leggur mat á einstaklinginn og finnur viðeigandi úrræði og/eða meðferð í samráði við hann. Markmið með betrunarstefnu er að byggja upp einstaklinginn, gera hann fullgildan samfélagsþegn og hæfan til að takast á við daglegt líf þegar út í samfélagið er komið. Auk þess er markmiðið að draga úr endurkomutíðni einstaklinga í fangelsin. Tilgangur með betrunarstefnu er að þeir fangar sem koma inn í fangelsin hafi þá stefnu að leiðarljósi meðan á vistinni stendur að koma betri menn út í

samfélagið. Samkvæmt lögum um fullnustu refsinga nr.15/2016 er betrun „það sem miðar að því að gera fanga kleift að auka færni sína og lífsgæði og sporna við frekari brotastarfsemi og endurkomu í fangelsi“. Í íslenskri orðabók merkir betrun að gera eitthvað betra eða að verða betri (Íslensk orðabók,e.d.; Guðmundur Ingi Þóroddsson, 2016; Páll Sigurðsson, 2008).

Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2010 um skipulag og úrræði í fangelsismálum var ábending um að leggja ætti aukna áherslu á betrun fanga í fangelsum til þess að draga úr endurkomutíðni þeirra. Til þess að ná því markmiði er mikilvægt að fagaðili hjálpi einstaklingum að fá vinnu meðan á afplánun stendur, hann hjálpi þeim einstaklingum sem eiga við námsörðugleika að stríða en vilja stunda nám innan veggja fangelsis og tryggji greiðan aðgang að þjónustu sálfræðinga, félagsráðgjafa og annarra fagaðila, óháð því í hvaða fangelsi þeir afplána. Nokkuð langt er enn í land að ná fram þessum markmiðum en það er alltaf verið að vinna af því að ná þeim eins og fjármagn leyfir (Ríkisendurskoðun, 2010).

Betrun er talin vera hagkvæm fyrir samfélagið í heild sinni því sýnt hefur verið fram á að hún dregur úr endurkomutíðni fanga. Tveir liðir í átt til betrunar innan fangelsis er að stunda nám og atvinnu. Í upphafi afplánunar hjá einstaklingi er það í höndum fagaðila, til dæmis félagsráðgjafa, að skipuleggja hvernig einstaklingurinn nýtir tíma sinn á meðan á afplánun stendur, í samráði við fangann. Mikilvægt er að fagaðilinn hjálpi einstaklingnum sem afplánar dóm sinn að styrkja og viðhalda vana- og fjölskyldusamböndum. Í umsögninni að frumvarpinu um nýju lögum um fullnustu refsinga, nr. 15/2016, var gagnrýnt að betrun kæmi ekki neins staðar fram í frumvarpinu og var þess vegna bætt inn í nýju lögum (Lög um fullnusta refsinga nr. 15/2016). Einn tilgangur nýju laganna var að innleiða betrunarstefnu á Íslandi en ekki viðhalda þeirri refsistefnu sem þegar var til staðar í landinu. Þar sem lítið var lagt upp úr betrun með gömlu lögunum (Birna Stefánsdóttir, 2016; Guðmundur Ingi Þóroddsson, 2016; Lög um fullnusta refsinga nr. 15/2016; Ríkisendurskoðun, 2010).

Þótt gerð sé meðferðar- og vistunaráætlun í upphafi afplánunar einstaklings í samráði við fagaðila, þá vantar samt sem áður meira aðhald varðandi framkvæmdina, að henni sé fylgt eftir af fagaðilum. Fangelsisvistin hér á landi þarf að vera innihaldsríkari fyrir fanga til að stuðla að aukinni betrun (Guðmundur Ingi Þóroddsson, 2016). Fangelsin hér á landi líkjast meira geymslustað. Einstaklingar hafa engin markmið né stefnumótun

meðan þeir sitja inni og þegar þeir losna út tekur við lítil sem engin eftirfylgni. Lítil hvatning er fyrir fanga að ná fram breytingum á lífi sínu. Markmið með meðferðaáætlun er að undirbúa fangann til að komast aftur út í samfélagið þannig að hann aðlagist sem best. Meðferðaáætlun er mikilvæg til að stuðla að betrun. Í henni er skráð niður hvaða þjónusta eða aðstoð hver einstaklingur þarf, eins og til dæmis sálfræðiþjónusta, aðstoð vegna fjármála og fleira. Aðeins fáir útvaldir fá meðferðaáætlun vegna þess hversu fáir félagsráðgjafar og aðrir fagaðilar vinna á vegum Fangelsismálastofnunar og ná þeir ekki af þeim sökum að þjónusta alla jafnvel. Meðferðaáætlun leggur líka grunn að því að faglegri ákvörðun sé tekin, til dæmis varðandi vistun fanga í opnum fangelsum eða öðrum úrræðum utan fangelsis (Guðmundur Ingi Þóroddsson, 2016; Ríkisendurskoðun, 2010).

Að undanfögnu hefur verið lögð meiri áhersla í fangelsismálum á Íslandi á betrun fanga, þá einnig í störfum fagaðila eins og félagsráðgjafa og sálfræðinga. Eins og greint hefur verið frá eru meðferðaúrræði fyrir fanga hins vegar alltof fá hér á landi og í nokkrum tilfellum þurfa þeir sjálfir að greiða fyrir þau. Auk þess er aðgengi að heilbrigðisþjónustu fyrir fanga enn mjög ábótavant og þarf að fylgja því eftir og laga það ástand (Margrét Tryggvadóttir, 2016; Ríkisendurskoðun, 2010).

2.1 Menntun fanga

Nám er mikilvægur liður í betrun fanga, meðal annars er fylgni á milli lítillar skólagöngu og afbrota. Nám er ein leið til betrunar og gerir einstaklingnum kleift að verða fullgildur samfélagsþegn þegar afplánun lýkur. Hlutfall þeirra fanga sem ekki höfðu lokið neinu námi mældist hæst hér á landi af öllum Norðurlöndunum, en auk þess mældist mesti námsáhugi meðal fanga hér á landi. Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á Íslandi um áhrif menntunar á betrun fanga en mikilvægt er að efla þær rannsóknir. Samkvæmt erlendum rannsóknnum sést að endurkomutíðni fanga í fangelsum minnkar í kjölfar menntunar einstaklings. Menntun hjálpar föngum að fóta sig í lífinu við lok fangelsisvistar. Nám er valdefling og leiðir til þess að sá sem afplánar öðlast meiri trú á sjálfan sig, að hann geti meir en hann heldur. Það hefur einnig jákvæð áhrif á einstaklinginn þegar hann kemur aftur út í samfélagið. Að hann trúir því að hann geti öðlast betra líf og hann hafi jákvæða framtíðarsýn (Chapell, 2004; Inga Guðrún Kristjánsdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir, 2010). Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er kveðið á um að allir

samfélagsþegnar íslenska ríkisins eigi rétt á almennri menntun og/eða fræðslu sem hentar hverjum og einum. En samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 eiga allir sem hafa lokið grunnskóla að eiga val á því hvort þeir vilji hefja nám í framhaldsskóla. Í lögum um fullnusta refsingu nr. 15/2016 er einnig talað um í 26. grein um nám og starfsþjálfun í fangelsi. Að fangar eigi rétt á að stunda nám eða starfsþjálfun sem hæfir þeim. Mennta- og menningarmálaráðuneytið er með samning við framhaldsskóla um kennslu fanga hér á landi, en auk þess er boðið upp á fjarnám á bæði framhalds- og háskólastigi. Fangarnir eiga að hafa aðgang að námsráðgjafa eftir þörfum. En aðgengi að námsráðgjöfum er misjafnt eftir því hvar einstaklingur afplánar dóm sinn (Chappell, 2004; Inga Guðrún Kristjánsdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir, 2010; Lög um fullnustu refsingu nr.15/2016; Ríkisendurskoðun, 2010; Vacca, 2004).

Þriðjungur fanga á Íslandi stundar nám meðan afplánun þeirra stendur yfir, samkvæmt niðurstöðu rannsóknar sem gerð var hér á landi (Bogi Ragnarsson og Helgi Gunnlaugsson, 2007). Í niðurstöðum kom fram að helsta ástæða fyrir því að fangi lagði ekki stund á nám var hversu lélegar námsaðstæður væru. Margir fangar sem ekki stunduðu nám töldu sig vera með námserfiðleika og þá helst áttu þeir í erfiðleikum með stærðfræði, lestur og skrift. Einstaklingar sem búa yfir minni menntun hafa oft minni möguleika á að koma sér áfram í samfélaginu. Þess vegna eru þeir líklegri til að fremja afbrot til að uppfylla þau efnahagslegu markmið sem samfélagið leggur til. Rannsóknir hafa sýnt að tengsl séu á milli menntunar og afbrotatíðni og að þeir sem fremja afbrot séu oft með litla sem enga menntun að baki. Þess vegna er mikilvægt að styrkja nám og námsframboð innan veggja fangelsa á Íslandi og gera það enn hærra undir höfði sem hluta af betrunarstefnunni, sem á að vera í vinnslu hér á landi (Bogi Ragnarsson og Helgi Gunnlaugsson, 2007; Inga Guðrún Kristjánsdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir, 2010).

2.2 Vinna fanga

Vinna er mikilvægur þáttur í betrunarstefnunni og leggur Fangelsismálastofnun áherslu á að fangar geti stundað vinnu innan veggja fangelsa meðan á afplánun þeirra stendur yfir. Fjölbreytt vinna er í fangelsum á Íslandi og störfín sem í boði eru í hverju fangelsi fyrir sig eru mismunandi. Lítið framboð er þó á atvinnutækifærum fyrir fangana og oft er vinnan sem í boði er aðeins tímabundin. Fangarnir fá þóknun fyrir vinnu sína en fá þó ekki greidd launatengd gjöld. Þóknun sem fangarnir fá nemur samt sem áður ekki nema

6% af heildarlaunagjöldum stofnunarinnar. Samkvæmt 25. gr. laga um fullnustu refsingu nr.15/2016 um vinnu fanga í fangelsi, kemur fram að fangar eigi rétt á að vinna og skylt er að veita þeim það eftir því sem aðstæður leyfa. Forstöðumaður þess fangelsis sem fanginn afplánar dóm sinn í, ákveður hvaða starf hver fangi fær úthlutað, en hann skal samt sem áður taka tillit til fangans ef hann hefur sérstakar óskir. Forstöðumaður fangelsis getur gefið leyfi um vinnu fanga utan fangelsis í samráði við Fangelsismálastofnun. Þá fer vinnan fram undir eftirliti fangavarðar eða annarra starfsmanna. Fangarnir skulu vinna alla virka daga, að meðaltali átta tíma á dag (Lög um fullnustu refsingu nr.15/2016; Ríkisendurskoðun, 2010).

3 Staða fangelsismála á Íslandi

Samkvæmt íslenskri orðabók merkir orðið fangi „sá sem situr í fangelsi“ eða „maður sem haldið er nauðugum“. Í 17. gr laga um fullnustu refsinga nr.15/2016 er fangi einstaklingur sem afplánar fangelsisrefsingu, vararefsingu fésektar eða einstaklingur sem situr í gæsluvarðhaldi. Vararefsing fésektar er þegar einstaklingur sem brýtur af sér fær sekt og borgar hana ekki. Hann þarf því að sæta fangelsisvist í stað þess að borga sektina. Helstu markmið laganna er að refsing þeirra einstaklinga, sem fá fangelsisdóm, fari fram með öruggum og árangursríkum hætti og áhrif refsinga séu virk. Í lögnum um fullnustu refsinga nr.15/2016 á fangelsisvistin að koma í veg fyrir að einstaklingur brjóti aftur af sér og er það gert með því að leggja áherslu á betrun í fangelsum og öðrum á vegum Fangelsismálastofnunar. Þar að auki er lögð áhersla á að aðlaga fangann að samfélaginu áður en fangelsisvistinni lýkur. Síbrotamaður telst sá fangi sem, í þessu tilviki, brýtur lögin síendurtekið og kemur sífelld inn í fangelsin með ný brot (Lög um fullnustu refsinga nr. 15/2016; Íslensk orðabók, e.d.).

Fangelsismálastofnun ríkisins sér um fullnustu refsinga á Íslandi og önnur sérhæfð verkefni tengd laga- og reglugerðaákvæðum. Stofnunin hefur yfirumsjón yfir öllum fangelsum hér á landi. Fangelsin eru fimm en hvert fangelsi er rekið sem sjálfstæð eining. Hlutverk stofnunarinnar er að hafa eftirlit með þeim einstaklingum sem hafa fengið á sig ákæru, fengið skilorðsbundinn dóm, skilorðsbundna reynslulausn, náðun eða frestun á afplánun. Stofnunin sér einnig um að sérhæfð þjónusta sé veitt einstaklingum innan veggja fangelsa (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-a; Ríkisendurskoðun, 2010).

Dómar á Íslandi skiptast í skilorðsbundna og óskilorðsbundna dóma. Ef einstaklingur hlýtur skilorðsbundinn dóm þarf hann ekki að sitja í fangelsi og er dæmdur á skilorði. Skilorðsbundinn dómur getur verið bundinn ákveðnum skilyrðum, sem eru háð hverjum og einum einstaklingi. Óskilorðsbundinn dómur er þegar einstaklingur þarf að sitja af sér dóminn í fangelsi eða í öðru úrræði á vegum Fangelsismálastofnunar. Einstaklingur getur fengið blandaðan dóm, en þá er hann bæði skilorðsbundinn og óskilorðsbundinn. Hægt er að veita náðun á dómi en þá þarf einstaklingur ekki að sitja af sér dóminn í fangelsi eða losnar fyrir úr afplánun. Sækja þarf formlega um náðun og getur einstaklingur sem afplánar fangelsisrefsingu eða fésekt aðeins sótt um það. Forseti Íslands er eini aðilinn sem getur veitt einstaklingi náðun. Forsenda fyrir því er að hann sé

mikið líkamlega eða andlega veikur eða nánustu aðstandendur hans (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-a ; Maschi, Bradley og Ward, e.d.; Ríkisendurskodun, 2010; Stjórnarráð Íslands, e.d.).

Markmið Fangelsismálastofnunar er að einstaklingar afpláni refsingu sína í öruggu umhverfi og einnig að öryggi almennings sé tryggt. Hagkvæmt er fyrir þjóð og land að koma í veg fyrir endurkomu einstaklings, en einnig er það hagkvæmt fyrir einstaklinginn sjálfan og fjölskyldu hans. Þess vegna er mikilvægt að ýta undir skilvirka og góða aðlögun fyrir einstaklinginn að samfélaginu, svo endurkomutíðni lækki og síbrotamönnum fækki. Þess vegna er mikilvægt að leggja áherslu á betrunarstefnuna til að ná fram þessum markmiðum (Fangelsismálastofnun, e.d.-a).

3.1 Opið og lokað fangelsi

Samkvæmt íslenskri orðabók merkir orðið fangelsi „bygging þar sem fangelsisdómur er afplánaður“. Önnur orð yfir fangelsi eru fangahús og dýflissa (Íslensk orðabók, e.d.).

Á Íslandi eru fangelsum skipt í tvennt, opið og lokað fangelsi. Í lokuðum fangelsum eru einstaklingar í læstum klefum, sem eru lokaðir á næturnar og útisvæðið umhverfis fangelsið er girt af og afmarkað. Skipulagður heimsóknartími er, sem fer fram í sérstöku herbergi innan fangelsis, sem aðeins er notað í þeim tilgangi (Þingskjal 1153/ 2014-2015). Á Íslandi eru þrjú lokuð fangelsi og þau eru: Litla Hraun, fangelsið á Hólmsheiði og á Akureyri (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-b).

Opið fangelsi einkennist af því að einstaklingar eru ekki í læstum klefum heldur hafa sitt eigið herbergi. Engin girðing afmarkar útisvæðið í kringum fangelsið og rýmri reglur eru varðandi heimsóknir, sem ekki fara fram í sérstöku herbergi eins og í lokuðu fangelsunum. Einstaklingar sem afplána dóm í opnu fangelsi hafa meira aðgengi að neti, tölvum og síma. Kvíabryggja og Sogn eru opin fangelsi á Íslandi (Þingskjal 1153/ 2014-2015).

Einstaklingar mæta alltaf til afplánunar í lokuðu fangelsi fyrst, nema annað sé tekið fram, svo er framkvæmt mat þar sem ákveðið er hvar einstaklingur afplánar dóm sinn, í lokuðu eða opnu fangelsi. Þeir einstaklingar sem afplána dóm sinn í lokuðu fangelsi geta átt möguleika á flutningi í opið fangelsi en einnig geta þeir sem afplána í opnu fangelsi átt á hættu að flytjast í lokað fangelsi, ef hegðun þeirra er óviðunandi eða þeir brjóta reglur eða skilyrði fangelsisins (Þingskjal 1153/ 2014-2015).

3.2 Bakgrunnur fanga

Margir einstaklingar sem afplána dóm innan veggja fangelsis koma úr umhverfi sem einkennist af fátækt og óreglu. Vísbendingar eru um að yngri fangar sem koma inn í fangelsin séu líklegri til að koma frá fjölbreyttum þjóðfélags- og efnahagshópum í samfélaginu. Ein af ástæðum þess að fangar eru ekki eins einsleitur hópur og áður var er að þeir sem alast upp við rofin fjölskyldutengsl í uppvexti koma úr fjölbreyttara umhverfi en áður. En þá komu flestir frá heimilum þar sem fátækt og vanræksla einkenndi uppeldi þeirra. Stór hluti fanga glímir við einhvers konar fíkn. Samkvæmt nýrri rannsókn, sem gerð var hér á landi og er óbirt, áttu um 60% fanga við áfengis- eða vímuefnavanda að stríða og 10% þeirra höfðu áður átt við slíkan vanda að etja. Auk þess er stór hluti fanga með athyglisbrest og ofvirkni, eða var með það í æsku. Félagskvíði og persónuleikaröskun eru einnig algengir kvillar meðal einstaklinga sem afplána dóm innan veggja fangelsis. Svo virðist sem vandinn byrji snemma eða á æskuárum en lítið hefur verið gert til að takast á við hann þá, til að koma í veg fyrir frekari vandamál (Hreinn S. Hákonarson, 2016; Margrét Sæmundsdóttir, 2003; Margrét Tryggvadóttir, 2016).

Sumir fræðimenn telja að fjölskylduaðstæður í uppeldi, eins og rof á fjölskyldutengslum, fátækt og óregla á heimili geti haft áhrif á að einstaklingar leiðist út í afbrot. Þá er talið að einstaklingar séu líklegri til að leiðast út í afbrot ef þeir eru með lítið stuðningsnet í kringum sig, eins og fjölskyldumeðlimi og vini. Samkvæmt rannsókn Margrétar Sæmundsdóttur frá 2003, á félagslegri stöðu fanga og afbrotum þeirra, sögðust flestir fangarnir hafa alist upp hjá báðum foreldrum í æsku. Fimmti hver fangi sagðist hafa alist upp hjá einstæðu foreldri á uppeldisárum. Sjá mátti mun eftir aldri fanganna, þeir yngri voru líklegri til að hafa alist upp hjá einstæðu foreldri heldur en eldri aldurshópurinn. Marktækar niðurstöður sýndu að ef tíðni ölvunar hjá foreldrum fanganna var há var líklegra að unglingar leiddust út í neikvæða hegðun. Neikvæð hegðun gat verið í formi afbrota, mikillar drykkju og neyslu á ólöglegum vímuefnum. Alls 57% fanga sögðust ekki kannast við það að hafa alist upp við óreglu á heimili sínu eða að það hafi verið mikil ölvun á heimili þeirra. Þegar atvinnustaða fanga var skoðuð þegar þeir hófu afplánun mátti sjá að flestir voru í fastri vinnu en þó mátti sjá að margir voru atvinnulausir eða öryrkjar. Yngri aldurshópurinn var líklegri til að vera ekki á vinnumarkaðnum og vera atvinnulaus. Þegar skoðaður var munur á atvinnustöðu eftir

kyni þá var marktækur munur á milli karla og kvenna. Fleiri konur, sem afplánuðu dóm innan veggja fangelsis, höfðu verið atvinnulausar, voru öryrkjar eða í námi. Fleiri konur en karlar sem afplána dóm áttu einnig við andleg veikindi að stríða, eins og til dæmis þunglyndi og kvíða. Áfengis- og vímuefnaneysla er einnig algeng meðal þeirra sem koma í fangelsi og er hátt hlutfall sem á við alvarlegan vanda að stríða af þeim sökum (Margrét Sæmundsdóttir, 2003).

Rannsóknir hafa sýnt að fangar hafi minni menntun en aðrir einstaklingar í samfélaginu. Flestir fangar sem afplána dóm innan veggja fangelsis hafa lokið grunnskólamenntun eða minni menntun. Samkvæmt íslenskri rannsókn frá 2006 hafði þriðjungur fanga ekki lokið grunnskólaprófi (Andrews og Bonta, 2010; Bogi Ragnarsson og Helgi Gunnlaugsson, 2007; Margrét Sæmundsdóttir, 2003).

Í samfélögum þar sem félagsleg tengsl eru veik hafa komið fram kenningar sem greina frá því að í þannig aðstæðum er ríkjandi ástæða afbrota talin vera vegna siðrofs. Þá er talað um að afleiðingar siðrofs geta verið vegna þess að samfélagið getur ekki stjórnað markmiðum og ásókn íbúanna. Íbúar samfélagsins eiga þá erfitt með að stjórna sér og löngunum sínum og verður ótakmörkuð fyrir efnahagslegum gæðum. Áhersla á efnahagslegan árangur í samfélaginu og vöntun af viðurkenndar leiðum til að ná að uppfylla þann efnahagslega árangur. Afbrot einstaklinga er talin vera afleiðing af því að markmið einstaklinga og leiðirnar til að ná þeim fram stangast á í samfélaginu. Tækifæri íbúa samfélagsins til að ná efnahagslegum gæðum, sem eru oft einkennandi í samfélögum, eru mismunandi og ekki öllum eins aðgengilegt. Einstaklingar fremja afbrot oft vegna þess að þeir hafa minni bjargir til að fá þessi efnahagslegu gæði og velja því ólöglegar leiðir til að ná þeim fram og brjóta þar af leiðandi af sér (Bogi Ragnarsson og Helgi Gunnlaugsson, 2007; Durkheim, 1951).

Eigindleg rannsókn var framkvæmd á Íslandi um þátt betrunar eftir afplánun í fangelsi. Þar kom fram að þeir sem tóku þátt í rannsókninni höfðu allir nema einn glímt við vandamál eins og drykkju og óreglu á fullorðinsárum og flestir höfðu upplifað missi eða orðið fyrir áfalli í æsku, höfðu misst einhvern nákominn sér eða höfðu verið teknir af foreldrum sínum. Allir töluðu um reiði sem þeir höfðu upplifað frá því í æsku og lifað með fram á fullorðinsár. Flestir höfðu hins vegar, þegar rannsóknin var gerð, náð að vinna úr þeim tilfinningum. Þeir höfðu þá allir sótt vímuefnaeðferð. Það sem kom mest á óvart var að allir höfðu lokið almennri skólagöngu. Það sem hafði áhrif á að þeir

tileinkuðu sér betrun og sneru við blaðinu var að þrjú af sex viðmælendum töldu að verkefnið Fyrirmyndargangur á Litla Hrauni hafa haft mestu jákvæðu áhrifin í allri fangelsisvist sinni. Fyrirmyndargangur var settur fram sem hvatning fyrir þá fanga sem hegðuðu sér vel. Þess vegna er áhugavert að velta fyrir sér af hverju honum var lokað þegar ákveðið var að leggja meiri áherslu á betrunarstefnu í fangelsisvist og þegar lögunum var breytt. Flestir töldu að fangelsisvistin hefði bjargað þeim og haft jákvæð áhrif á líf þeirra. Viðmælendurnir töldu sig hafa öðlast betrun þegar þeir fóru að axla ábyrgð á afbrotum sínum og töldu sig vera seka um að hafa lent inn í fangelsi. Þá fóru þeir að vinna í sjálfum sér og gerðu breytingu á sínum lífsstíl. Þeir sem nýttu sér námsúrræðin sem í boði voru töldu námið hafa haft valdeflandi áhrif og þeir öðluðust meiri trú á eigin getu. Af þeim sökum fannst þeim þeir hafa öðlast færni til þess að gera betur í samfélaginu þegar þeir luku fangelsisvist sinni (Drífa B. Gunnlaugsdóttir, 2012).

3.3 Breyting á löggjöfnni um fullnustu refsinga

Árið 2005, þegar löggjöfin um fullnustu refsinga nr. 49/2005 tók í gildi, voru gerðar ýmsar breytingar um fangelsi og fangelsisvist. Helsta breytingin var sú að lögð var meiri áhersla á að skapa heildarstefnu um fullnustu refsinga. Hugmyndin var að öll málefni heyrðu undir Fangelsismálastofnun, eins og til dæmis umboð til að skipa forstöðumann innan fangelsa sem dómsmálaráðherra hafði hingað til séð um. Þannig yrði fangelsismálakerfið skilvirkara og heildrænna. Markmið með lögunum um fullnustu refsinga nr. 49/2005 var að hafa heildarsýn yfir málefni fanga, skyldur þeirra og réttindi. Einnig kveða löggin á um áherslur í rekstri fangelsa á Íslandi og fullnustu refsinga. Löggin náðu meðal annars til málefna um betrun fanga en lítil áhersla var á framtíðarsýn í fangelsismálum (Ríkisendurskoðun, 2010).

Með nýju lögunum um fullnustu refsinga nr. 15/2016 er lögð meiri áhersla á betrunarstefnu í fangelsismálum á Íslandi. Í nýju lögunum kemur fram að fullnusta refsinga eigi að fara fram á öruggan hátt og með skilvirkum hætti. Einnig er lögð áhersla á að draga úr endurkomu fanga inn í fangelsin og þar kemur mikilvægi betrunar fram og að innleiða þurfi betrunarstefnu í ríkari mæli í fangelsisvistinni. Markmiðið er að hjálpa föngunum að aðlagast samfélaginu eftir afplánun og gera það í litlum áföngum. Þegar talað er um litla áfanga þá er áherslan á að fangi afpláni í lokuðu fangelsi og fari síðan í opið úrræði og þaðan í áfangaheimili og svo framvegis. Í frumvarpi laganna var horft á

þær lausnir til að draga úr endurkomu einstaklinga og koma í veg fyrir að þeir brjóti aftur af sér, að efla þá á fjölbreyttum sviðum mannlífsins. Þar sem lögð er áhersla á að þeir stundi nám, þeir séu hvattir til áfengis- og vímuefnalauss lífsstíls og fleira. Þessir þættir minnka líkurnar á því að einstaklingur brjóti af sér aftur og stuðlar að betrun. Betrunarstefnan er talin vera mikilvæg til þess að hjálpa föngum að skila sér aftur út í samfélagið sem betri manneskjur, því hún hefur sýnt að hún dregur úr endurkomutíðni fanga og er þeim hvatning í átt til betra lífs sem fullgildir samfélagsþegnar (Birna Stefánsdóttir, 2016; Þingskjal nr. 399/ 2015-2016. Frumvarp til laga). Í nýju lögunum um fullnustu refsinga 1. mgr. 2.gr. eru hugtök skilgreind til þess að löggjöfin verði skýrari fyrir almenning. Í fyrsta skipti í sögu Íslands er hugtakið betrun sett þar fram á hugtakalista og skilgreint. Það er ákveðinn árangur í þróun löggjafar um refsingu. Í nýju lögunum eru einnig sveigjanlegri reglur um fullnustu refsinga utan fangelsa, en það er einn þáttur í betrunarstefnunni. Dæmi um fullnustu utan fangelsa er til dæmis rafrænt eftirlit, þar sem fangi fær ökklaband og getur lokið afplánun sinni á heimili sínu undir eftirliti og auk þess voru reglur rýmkaðar varðandi samfélagsþjónustu (Birna Stefánsdóttir, 2016; Lög um fullnustu refsinga nr. 15/2016; Stjórnarráð Íslands, 2011; Þingskjal nr. 399/ 2015-2016. Frumvarp til laga).

4 Afbrot á Íslandi

Ekki er til margar rannsóknir sem snúa að afbrotafræði á Íslandi og eiga þær heldur ekki langa sögu hér á landi. Ein af ástæðum þess er hversu ung grein félagsvísindi er hér á landi. Skráning opinberra gagna á afbrotum á öllu landinu hófst árið 1997 þegar embætti ríkislögreglustjóra var stofnað. Eftir það hefur verið hægt að nálgast gögn um tíðni afbrota á öllu landinu á ári hverju, en áður fyrr var aðeins hægt að nálgast þau á höfuðborgarsvæðinu (Helgi Gunnlaugsson, 2008).

Á árinu 2016 var tilkynnt um 85.773 brot hér á landi, af þeim voru 11.225 hegningarlagabrot. Heildarfjöldi tilkynntra brota á landinu hækkaði árið 2016 um 36% frá árunum 2013-2015. Þess má þó geta að ekki voru öll afbrot tilkynnt til lögreglu, og líklegra er að ekki hafi verið tilkynnt um sumar tegundir afbrota, sem dæmi má nefna kynferðisbrot (Ríkislögreglustjóri, 2017).

Hegningarlagabrotum fækkaði á Íslandi um 5% á milli árána 2015 og 2016. Undir þau falla líkamsmeiðingar, manndráp, kynferðisbrot, auðgunarbrot, nytjastuldur og eignaspjöll. Ef meðaltal er tekið frá árunum 2013-2015 þá hefur hegningarlagabrotum fækkað um 1%, ekki er vitað um ástæðuna fyrir því. En ein möguleg ástæða er að íbúafjöldi hefur aukist hér á landi (Ríkislögreglustjóri, 2017; Ríkislögreglustjóri, 2009).

Fjöldi dómþola sem afplánuðu refsingu í lokuðu fangelsi árið 2013 voru 563 talsins en um 183 voru á sama tíma í fangelsi, eru þá talin með bæði opin og lokuð fangelsi. Fangar sem luku afplánun árið 2013 voru samtals 213 (Ríkislögreglustjóri, 2016).

Á undanförunum árum hefur biðtími eftir fangelsisvist lengst frá því einstaklingur fær dóm sinn kveðinn upp og þangað til afplánun hefst. Ein af helstu ástæðum þess er hversu full fangelsi landsins eru. Biðlistarnir hafa lengst það mikið að sumir dómar hafa fyrnst meðan einstaklingur bíður eftir að geta hafið afplánun sína. Á árinu 2013 þurftu einstaklingar að bíða að meðaltali í 367 daga og árið 2014 í 383 daga. Árið 2017 voru 560 einstaklingar á biðlista, sem biðu eftir boðun í afplánun. Ástæða þess er að afbrotum hefur fjölgað eftir efnahagshrunið, dómar hafa verið að þyngjast og lengjast og einnig fá einstaklingar sem koma til landsins á fölsuðum skilríkjum 30 daga dóm, og þeim hefur farið fjölgandi. Reynt hefur verið að draga úr biðlistum, en ekki hefur verið hægt að fullnýta plássíð á Litla Hrauni sökum úrbóta á byggingunni og skorti á fjármagni til starfsmannahalds. Mikilvægt er að fullnýta öll pláss svo einstaklingar geti hafið

afplánun dóma sinna sem fyrst eftir uppkvaðningu þeirra (Sigríður Andersen, 2017; Þingskjal nr. 144/ 2014-2015. Svar innanríkisráðherra, Ólöf Nordal).

4.1 Endurkomutíðni fanga á Íslandi

Upplýsingar um endurkomu einstaklinga í fangelsi eftir að þeir hafa afplánað dóm sinn eru mikilvægar, til þess að sjá hvaða áhrif refsing eins og fangelsisvist hefur á afbrotahæðun einstaklings. Mikilvægt er að afla upplýsinga um aðstæður sem valda því að einstaklingar hljóta dóm síendurtekið og hvers konar brot um er að ræða, til þess að stjórnvöld geti séð hvaða árangur úrræðin skila, og hvernig og hvort þessi úrræði dragi úr ítrekunartíðni einstaklinga. En þá er átt við þegar einstaklingur brýtur af sér aftur og aftur, er kærður fyrir ólík brot í sama máli eða kærður fyrir brot í nokkrum málum. Talið er að refsingar hafi aðeins tímabundin áhrif á tíðni brota. Endurkomutíðnin á Íslandi er sú næstlægsta á Norðurlöndunum eða eftir Noregi sem eru samt villandi tölur. Því endurkomur í fangelsi á Íslandi eru ekki mældar ef fleiri en tvö ár líða frá því einstaklingur afplánaði seinasta dóm. Þess vegna gefa mælingar ranga mynd af endurkomutíðni á Íslandi miðað við Norðurlöndin. Á árunum 2005 til 2009 lækkaði hlutfall endurkomu einstaklinga í fangelsi um 8% hér á landi. Þegar gróflega er reiknað er samt sem áður talið að annar hver fangi skili sér aftur inn í fangelsin hér á landi. Ástæðan fyrir því getur verið sú að á Íslandi er refsistefnu viðhaldið innan fangelsa hér á landi meðan lögð er aukin áhersla á betrunarstefnu í fangelsismálakerfinu á Norðurlöndunum. Betrunarstefnan hefur verið mikið rannsökuð á Norðurlöndunum og hvaða áhrif hún hefur. Hún hefur sýnt fram á að dregið hefur úr endurkomutíðni fanga, afbrotum í samfélaginu hefur fækkað og kostnaðurinn hefur minnkað hjá lögreglu, dómstólum og fangelsum. Auk þess hefur hún stuðlað að virkni fanganna og þess vegna hefur kostnaður við örorkubætur fanga minnkað. Endurkomutíðni fanga í Noregi er um 25% en á Íslandi, þar sem refsistefnu er enn viðhaldið þótt talað sé um betrunarstefnu, er endurkomutíðni fanga um 50% (Birna Stefánsdóttir, 2016; Helgi Gunnlaugsson, 2008; Ríkisendurskoðun, 2010; Ríkislögreglustjórinn, 2010; Þingskjal nr .145/2015-2016. Umsögn um frumvarp til laga).

5 Sýn félagsráðgjafa

Félagsráðgjafar vinna oftast með viðkvæmum og fjölbreytilegum hóp einstaklinga. Út frá kenningum er hægt að sjá að félagsráðgjöfin snertir mörg svið mannlífsins, svo sem fátækt, vandamál, misnotkun og mismunun, vanrækslu, aldraða, andleg veikindi, námsörðugleika og fleira. Kenningar um vinnuaðferðir félagsráðgjafa henta vel markmiðum þeirra, sem eru: Að stuðla að breytingum varðandi félagslega virkni, hjálpa fólki til sjálfshjálpar, bera virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti einstaklingsins. Auk þess að stuðla að jafnræði og leggja áherslu á samvinnu á milli félagsráðgjafans og skjólstæðingsins. Í þessum kafla verður farið yfir helstu kenningar sem félagsráðgjafar nota í vinnu sinni, og þá helst þær sem nýtast í vinnu með föngum (Neuman, 2006).

5.1 Kerfiskenningin og Vistfræðikenningin

Í störfum félagsráðgjafa er byggt á kerfiskenningunni (e. System theories) við að móta störf þeirra. Kerfiskenningin beinist að einstaklingnum og umhverfi hans. Umhverfið okkar er flókið og það eru margir þættir í því sem hafa áhrif á stöðu, líðan og hegðun einstaklingsins. Þættirnir í umhverfinu hafa áhrif á það hvernig einstaklingnum líður, hvernig sjálfsmynd hans er og hvernig hann kemur fram við aðra. Kerfiskenningin miðar að því að skoða einstaklinginn út frá ólíkum þáttum í umhverfi hans. Með kenningunni er einblínt á samskipti innan og utan félagslegra kerfa, eins og samskipti við fjölskyldu, vini, nágranna, skóla og fleiri kerfi sem koma að lífi einstaklings. Tengsl einstaklingsins við kerfin stuðla að virkni og velferð hans og hafa mismunandi áhrif á hann. Markmið félagsráðgjafa í vinnu sinni með skjólstæðinga er oft að bæta félagsleg samskipti á milli kerfa. Kerfiskenningin nýtist til að útskýra vandann, ástæðu hans og hvernig best sé að nálgast hann. Veikleiki kenningarinnar er sá að áhersla er ekki lögð á hvernig félagsráðgjafinn á að vinna með skjólstæðinginn heldur er einblínt á vanda einstaklingsins út frá ójafnvægi milli kerfa, en það er margt annað sem getur haft áhrif á einstaklinginn. Með kerfiskenningunni er einblínt á að laga kerfin í kringum einstaklinginn frekar enn að vinna með persónubundna líðan og tilfinningar (Payne, 2005).

Kerfiskenningar eru í raun skýringartæki á vandanum frekar en að um sé að ræða vinnuaðferð félagsráðgjafa. Þær gefa góðan skýringarramma og hjálpa fagaðilanum að sjá hvernig best er að byrja að meta vandann og greina hann. Kerfiskenningin er eins og

yfirkennning yfir öllum öðrum kenningum sem félagsráðgjafar nota í vinnu sinni. Þær gefa okkur heildarsýnina sem er mikilvæg í vinnu félagsráðgjafa, það er að sjá einstaklinginn í tengslum við mörg kerfi sem hafa áhrif á líf hans. Heildarsýnin setur vanda einstaklingsins í samhengi við félagslega umhverfi hans, fjölskylduumhverfi, nærsamfélag, samfélagið í heild, menningu, gildi og fjærsamfélag. Leitast er við að skilja vandann út frá umhverfi fólksins og bakgrunn þess (Berns, 2007; Healy, K., 2014).

Vistfræðikenningin byggir á svipuðum þáttum og kerfiskennningin nema þar er meiri áhersla lögð á að skoða jafnvægið á milli umhverfis, einstaklings og samfélags og hvaða áhrif þessir þættir hafa hver á annan. En með báðum kenningum er einblínt á heildarsýn sem félagsráðgjafar vinna mikið með, þar sem vandinn er greindur út frá heildinni. Vistfræðikenningin er byggð upp á fjórum kerfum: micro, mesco, exo og macro sem hafa víxlverkandi áhrif hvert á annað, en það þarf ákveðið jafnvægi á milli kerfanna. Vistfræðikenningin horfir meira á einstaklinginn í alls kyns umhverfi, félagslegum tengslum og virkni hans. Þar að auki er tekið tillit til getu, réttinda og væntinga einstaklingsins, til dæmis er einstaklingur sem hefur engin fjölskyldutengsl einmana og líður því ekki vel af þeim ástæðum. Í micro er verið að skoða einstaklinginn sjálfan, sál hans, tilfinningar og félagslegu kerfin sem móta hann og líkamlega líðan. Mesco einblínir á fjölskyldu, vinnustað, vinina og menningu í daglegu lífi. Macro einblínir á stofnanir og kerfin í samfélaginu (Chris Beckett og Hilary Taylor, 2011; Payne, 2005). Vistfræðikenningin gefur okkur sýn á það hvernig einstaklingur tengist umhverfinu sem hann finnur sig í hverju sinni og hvernig menningarlegum normum og gildum eru beint til einstaklinga og hvernig sé spilað úr þeim samböndum. Tengingar og breytingar milli þessara stiga í vistfræðikenningunni eru jafnmikilvægar og þær sem gerast innan stiganna (Chris Beckett og Hilary Taylor, 2011).

Félagsráðgjöf í dag snýr bæði að einstaklingum og fjölskyldunni. Kenningar sem snúa að fjölskyldunni skýra það sem hægt er að finna hennar nánustu kerfum og í samskiptum og tilfinningatengslum. Hugmyndafræði vistfræðikenningarinnar er samofin starfi félagsráðgjafa í dag. Æskilegt er að félagsráðgjafar þekki til hvernig kerfin tengjast hvert öðru og hvaða áhrif þau geta haft á einstaklinginn ef þau starfa ekki rétt saman. Micro-kerfið hefur hvað mest áhrif á þroska og líðan einstaklingsins, svo hann nái góðri tengingu við ytri kerfin þá skiptir fjölskyldan langmestu máli. Sem sagt hvernig einstaklingur þroskast félagslega og hvernig hann hagar sér í samskiptum við aðra í

samfélaginu. Aðalmarkmið félagsráðgjafa, samkvæmt siðareglum þeirra, er sem sagt að auka skilning einstaklings og/eða fjölskyldunnar hversu mikilvægt umhverfið er og starf þeirra felst í að hjálpa einstaklingnum að auka tengslin og aðlagast samfélaginu með áherslu á hvaða þætti sé mikilvægast að skoða betur og laga það sem hægt er að laga í nærumhverfinu (Fong, 2004; Garcia, 2008; Embætti landlæknis, e.d.).

Félagsráðgjafar geta nýtt kenninguna í vinnu með föngum þar sem hún miðar að því að skoða fangann í samhengi við umhverfi hans og öll þau kerfi sem eru í kringum hann. Ef kerfin starfa ekki saman hefur það áhrif á einstaklinginn og í þessu tilviki þá á fangann. Félagsgjafinn getur hjálpað honum að ná betri tengslum við kerfin sín og aðstoðað hann við að laga til dæmis samskiptin innan þeirra. Það er gott að hafa góð tengsl og samskipti við fjölskyldu, það getur bætt tengslin við ytra umhverfið og auðveldað fanganum að koma út í samfélagið á ný þegar hann hefur lokið afplánun sinni og hefur stuðningur fjölskyldu og vina jákvæðari áhrif á einstaklinginn og stuðlar að því að viðhalda betruninni þegar út í samfélagið er komið (Birna Stefánsdóttir, 2016; Fong, 2004; Garcia, 2008).

5.2 Valdeflingakenningin

Valdefling (e. Empowerment) byggir á hugtakinu valdi sem verður til í félagslegum samskiptum einstaklinga og getur bæði breyst og færst á milli þeirra. Vald þarf ekki að vera í höndum eins einstaklings heldur geta nokkrir farið með sameiginlegt vald. Vald eins getur styrkt vald annars, sem dæmi má nefna þegar einhver hefur vald yfir öðrum einstaklingi, til dæmis félagsráðgjafi sem hefur vald yfir skjólstæðingi sínum. Þá gefur hann valdið frá sér yfir á skjólstæðing sinn og deilir þá valdi með honum og vinna þeir þá saman að því að leysa vandamálið. Valdefling snýst um meðal annars að ýta undir sjálfsmat og sjálfsvirðingu skjólstæðings, en hvort tveggja getur haft áhrif á félagslega stöðu skjólstæðingsins. Valdefling gerist í samskiptum á milli aðila þar sem virðing og umhyggja er til staðar og samskiptin fara fram með eflandi samskiptum. Eflingin eykur svo tilfinningu einstaklingsins, að hann hafi stjórn á eigin aðstæðum og lífi. Valdefling hefur verið mikið notuð í stefnumótun heilbrigðis- og félagsþjónustu í vinnu með jaðarhópum samfélagsins (Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2006; Healy, K., 2014; Lee, 1996; Sigríður Halldórsdóttir, 2003).

Hugmyndafræðin á bak við valdeflingu á rætur að rekja í starfi með notendahreyfingu, hagsmunahreyfingu og sjálfshjálparhópum. Með valdeflingu er lögð áhersla á að einstaklingur nái stjórn og tökum á eigin lífi og styrki eigin sjálfsmynd og sjálfsmat. Í vestrænni menningu er hugmyndafræðin um sjálfstæði og sjálfstraust einstaklings eitt af grundvallargildum samfélaga. Valdefling er mikið notað innan ýmissa fagstétta, þar á meðal félagsráðgjafa. Ákveðin hugmyndafræði hefur verið við lýði seinustu áratugi um mikilvægi þess að styrkja notkun valdeflingar í vinnu með skjólstæðingum, helst í nútímavelferðarríki (Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2006; Leonardsen M., 2007).

Það sem hjálpar einstaklingum í bataferlinu er vonin. Að það sé hægt að eiga sér drauma og framtíðarsýn. Þessi von hjálpar fanganum að trúa á að hann geti eignast gott líf og litið björtum augum til framtíðar. Einstaklingur lærir að takast á við tilfinningar sínar, áskoranir og vinna í fjölskyldu- og vinatengslum sem hafa rofnað. Kenningin ýtir undir að einstaklingur læri að sinna sínu hlutverki og verði fullur þjóðfélagsþegn í samfélaginu, þess vegna er mikilvægt að nota þessa aðferð í vinnu með föngum. Mikilvægt er að virkja einstaklinginn sem fyrst, svo hann læri að takast á við tilfinningar sínar án þess að finna fyrir stjórnleysi og að hann finni fyrir eigin styrk til að takast á við daglegt líf. Nám er einn liður í betrun, ef fanginn tileinkar sér nám í fangelsisvistinni og það gengur vel hefur það valdeflandi áhrif á hann. Hann öðlast meiri trú á sjálfan sig sem stuðlar að því að hann trúir að hann geti meira þegar út í samfélagið er komið. Sjálfsmynd, sjálfsþroski og sjálfagi eykst sem hjálpar fanganum að halda sig á réttu brautinni (Birna Stefánsdóttir, 2016; Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2006; Sigríður Halldórsdóttir, 2003).

5.3 Styrkleika- og lausnamiðaða kenningin

Styrkleika- og lausnamiðaða kenningin (e. Strengths and solution – focused theories) er mikið notuð í starfi félagsráðgjafa. Þar er einblínt á styrkleika einstaklingsins og getu hans til að takast á við aðstæður sínar til að efla meðvitund hans. Lögð er áhersla á að finna lausn sem virkar til lengri tíma. Einstaklingar verða meðvitaðri um sína eigin styrkleika og læra að nýta þá til þess að finna lausn á vandamáli sínu. Þessi aðferð byggist á hjálp til sjálfshjálpar (Farley, Smith og Boyle, 2006; Healy, K., 2014).

Með styrkleika- og lausnamiðuðu kenningunni er því hafnað að það eigi að leysa vandann sem ákveðið verkefni, heldur eigi að kafa dýpra hvað varðar líðan, viðhorf og tilfinningar skjólstæðingsins. Markmiðið er að félagsráðgjafinn efli skjólstæðinginn til þess að finna lausn á vandamálum sínum og í leiðinni hjálpi það honum að sjá að hann geti haft áhrif á vandann. Nýttir eru eiginleikar skjólstæðingsins, vonir hans og væntingar í að finna lausnir á þeim vandamálum sem hann stendur frammi fyrir. Horft er á framtíðina frekar en fortíðina og að láta einstaklinginn sjá hvar hann er staddur í sínu lífi. Einblínt er á hvernig honum líður í núverandi aðstæðum og sýnt er fram á að hann hafi bæði tæki og tól til að gera aðstæður sínar betri í framtíðinni. Reynt er að finna lausn í umhverfi hans, til dæmis hjá honum sjálfum eða fjölskyldu hans (Healy, K., 2014; Lee.M.Y., 2013).

Yfirleitt er styrkleika- og lausnamiðuða kenningin notuð í meðferðavinnu, eins og í áfengis- og vímuefnaeðferð og fjölskyldumeðferð. Hún hjálpar einstaklingnum að breyta viðhorfum sínum gagnvart sjálfum sér og sínum vanda. Unnið er með tilfinningalega hlið einstaklings. Styrkleikakenningin er góður kostur í vinnu með föngum til að takast á við vanda þeirra og brotin sem þeir eru dæmdir fyrir (Healy, K., 2014; Lee.M.Y., 2013). Aðrar aðferðir eru einnig notaðar og hafa sýnt góðan árangur, eins og til dæmis jákvæð afbrotafræði. En um er að ræða regnhlífahugtak sem hjálpar til við að útskýra í afbrotakenningum hvernig og af hverju fólk fjarlægist frávikin og einblínir á það jákvæða í líf sínu (Kewley,S., 2017; Lee.M.Y., 2013).

Styrkleika- og lausnamiðuða kenningin er góð til að nota í vinnu með föngum til að koma í veg fyrir endurkomu í fangelsi og hefur hún sýnt góðan árangur þar sem hún hefur verið innleidd í meðferðaáætlun fanga. En samkvæmt rannsóknum á betrunarstefnu og áhrifum sem hún hefur á einstaklinginn dregur hún úr endurkomutíðni fanga (Birna Stefánsdóttir, 2016). Kenningin styður bæði farsælan fangelsisdóm og endurreisn. Inngripið ætti vera sem næst samfélaginu í formi þátttöku eins og mögulegt er svo hægt sé að vinna betur með fanganum að aðlagast samfélaginu á ný. Aðferðin hefur verið aðgreind frá samfélagsþátttöku, þar sem endurtaka þarf tengingu við samfélagið í gegnum atvinnu, menntun, öruggt húsnæðisúrræði, þátttöku stofnana og tengingu við refsiverðakerfið. Endurreisnin út í samfélagið er oft erfið. Hindranir standa oft í veginum í endurskipulagningu með takmörkuðum aðgangi að menntun, náms- og atvinnutækifærum, óstöðugu húsnæði, fjölskylduvandamálum,

veikri andlegri og líkamlegri heilsa og fyrri afbrotaferil. Hindranir sem fangar standa frammi fyrir skarast stundum. Getur það haft í för með sér árangurinn verður takmarkaðri hjá fanganum til endurreisnar í samfélaginu. Félagaráðgjafinn hjálpar fanganum að finna innri og ytri auðlindir sem einstaklingurinn þarf til að ná fram jákvæðum breytingum (Hunter, Lanza, Lawoe, Dyson and Gordon, 2016).

Rannsóknir hafa sýnt að að vinna með fanga út frá styrkleikum hans er betri kostur en að takast á við áhættu og þarfir sem hafa áhrif á velgengni innan samfélagsins. Fræðimenn hafa tekið fram að styrkleikanálgunin gerir brotamönnum kleift að viðurkenna að þeir séu verðmætir og getur haft jákvæðar afleiðingar í för með sér í samfélaginu, að það sé enn von um betri framtíð eins og betrunarstefnan hefur sýnt fram á. Einkenni kenningarinnar er að einblínt er á að skilgreina styrkleika einstaklings í samráði við fagaðila. Þeir hjálpa honum að setja sér markmið og gera meðferðaráætlun, sem aðstoðar hann við að gefa aftur af sér til samfélagsins og veitir honum tækifæri til að taka þátt aftur í daglegu lífi. Mikilvægt er að veita föngum þá þjónustu og aðstoð sem þeir þurfa til að auðvelda þeim komuna aftur út í samfélagið eftir að þeir hafa lokið afplánun sinni (Hunter, Lanza, Lawoe, Dyson and Gordon, 2016).

Kostir þessarar kenningar er að lokað er á alla veikleikavæðingu og hægt er að útfæra hana mismunandi. Einblínt er á að valdefla notendur og að einstaklingar séu sérfræðingar í eigin lífi. Veikleiki kenningarinnar er helst sá að það er unnið út frá tilfinningum og viðhorfum einstaklinga. Hún hentar best í meðferðavinnu, erfiðara er að nýta markmið hennar í hópavinnu þar sem þess er krafist að skoða aðstæður skjólstæðinga og stuðla að breytingum (Healy, K., 2014; Lee. M. Y., 2013).

6 Lokuð og opin úrræði á Íslandi

6.1 Fangelsið Hólmsheiði, Litla Hraun og Akureyri

Fangelsin Litla Hraun, Hólmsheiði og Akureyri eru lokuð fangelsi, þar sem öryggisgæslan er í hámarki og svæðið er afgirt. Hólmsheiði er nýtt fangelsi sem opnað var árið 2016. Þar afplána einstaklingar í gæsluvarðhaldi, fyrir skemmri refsingar og vararefsingar, auk þess er eina kvennadeildin þar. Þróuð hefur verið heimsóknaraðstaða fyrir börn, um litla íbúð er að ræða, sem hefur verið innréttuð inni í fangelsinu, og hentar hún því mun betur fyrir þau börn sem koma í heimsókn til aðstandenda sinna. Íbúðin er með barnvænu umhverfi og er innréttuð með þarfir þeirra í huga. Sem er ákveðið skref í átt að betrunarstefnu á Íslandi, þar sem sýnt hefur verið fram á að umhverfi hefur áhrif á einstaklinginn. Við byggingu Hólmsheiði má sjá að tekið hefur verið tillit til betrunarstefnunnar þar sem fangelsið var byggt eftir innleiðingu nýju laganna um fullnustu refsinga. Við hönnun fangelsisins var lagt upp úr því að hafa góða náms- og vinnuaðstöðu, enda er vinna og nám hluti af betrunarstefnunni. Því orsökkin fyrir því að fangar stunda ekki nám er oft slök námsaðstaða, sem hefur ekki verið góð innan fangelsa hingað til. Hönnunin við húsnæðið mætir helstu þörfum fanga, stærsta deildin í fangelsinu er kvennadeildin, en þar afplána konur bæði langa og skemmri dóma. Auk þess er hægt að skipta deildunum upp eftir þörfum hvers tíma, með því að minnka eða stækka deildirnar þegar þörf er á. Það að húsnæðið og umhverfið sé gott og aðlaðandi er gert með líðan fanga í huga, að laða fram það jákvæða í þeim og til að styrkja jákvæðar hugsanir þeirra. Það að hafa í huga að föngunum líði vel er ákveðin framför í fangelsismálum á Íslandi og styrkir betrunarstefnuna sem lagt var áhersla á með nýju löggjöfinni um fullnustu refsinga nr. 15/2016 (Fangelsismálastofnun, e.d.-d; Hákon S. Hákonarson, 2016).

Litla Hraun var eina öryggisfangelsið hér á landi áður en fangelsið við Hólmsheiði var opnað. Ein deildin á Litla Hrauni er notuð sem meðferðardeild. Þar fer fram vímuefna meðferð undir faglegri umsjón og eru reglulegir AA fundir í boði fyrir fangana til að sækja. Lögð er áhersla á vinnu og nám sem er hluti af betrun. Á Litla Hrauni eru fjölbreyttir vinnustaðir fyrir fanga, eins og til dæmis störf við bílapvott, skiltagerð, trésmíði og fleira. Auk þess hafa fangarnir tækifæri til að stunda nám í samvinnu við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Námsráðgjafi og kennslustjóri hafa aðstöðu á Litla Hrauni til

að sinna föngum, en Litla Hraun er eina fangelsið þar sem námsráðgjafi hefur fast aðsetur. Í hinum fangelsunum koma þeir eftir þörfum. En sýnt hefur verið fram á að nám og vinna stuðlar að betrun þar sem það veitir fanganum jákvæða styrkingu og að hann fái meiri trú á sjálfan sig þegar vel gengur (Birna Stefánsdóttir, 2016; Fangelsismálastofnun, e.d.-e).

Fangelsið á Akureyri er minnst lokaða fangelsi hér á landi. Húsnæðið er vel hannað og er aðstaða fyrir vinnu, nám og líkamsrækt. Einstaklingarnir sem afplána á Akureyri þurfa að vera tilbúnir til að takast á við vímuefnavanda sinn og vinna í honum, auk þess þurfa þeir að stunda vinnu eða nám og fara eftir endurhæfingaráætlun, sem er gerð í samráði við fagaðila. Fjölbreytt vinna er í boði fyrir fangana en það er: bílapvottur, útivinna á lóð, þrif og matseld og ýmsar samsetningar og pökkun. Auk þess geta þeir stundað nám í fjarnámi og geta fengið leiðsögn námsráðgjafa, en enginn námsráðgjafi er samt sem áður á staðnum. Þar sem ákveðin skilyrði eru til staðar varðandi afplánun dóma einstaklinga á Akureyri er erfitt að standast þau. Sálfræðingur hefur t.d. ekki verið við störf síðan 2015, sem minnkar líkurnar á að fangarnir nái að standast þær reglur sem eru til staðar og stuðlar einnig að minni betrun þar sem þeim gefst ekki kostur að vinna eins mikið í sjálfum sér. Fagaðilar sem vinna á vegum Fangelsismálastofnunar eiga erfitt með að annast eftirspurn og þann fjölda sem þeir eiga að vinna með, og er það eitt af þeim málefnum sem þarf að laga og leggja meira fjármagn til (Fangelsismálastofnun, e.d.-f; Guðmundur Ingi Þóroddsson, 2016; Páll Sigurðsson, 2008; Sveinn Arnarson, 2017).

6.2 Sogn og Kvíabryggja

Sogn og Kvíabryggja eru opin fangelsi. Þeir einstaklingar sem fá að afplána dóm á Sogni eða Kvíabryggju þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði. Um er að ræða einstaklinga sem hafa sýnt góða hegðun, eða eru að afplána refsingu fyrir væg brot eða um fyrsta afbrot sé að ræða. Einnig fá einstaklingar sem eru að ljúka fangelsisvist oft tækifæri til að klára afplánun í opnu fangelsi. Á Íslandi eru aðeins örfá pláss í opnu úrræði eða um 20% (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-b; Ríkisendurskoðun, 2010; Vernd, 2012).

Sogn var tekið í notkun árið 2012 sem opið fangelsi en áður var þar réttargeðdeild til húsa sem fluttist síðan á Klepp. Á Sogni hafa fangar netaðgang og mega þeir hafa farsíma. Þeir sjá í sameiningu um þrifin, eldamennskuna og allt það sem

snýr að heimilishaldi. Helsta áhersla á betrun á Sogni er að þjálfa einstaklingana í lífsleikni og þjálfa þá til að komast út í samfélagið á ný. Jafnframt er reynt að draga úr því að þeir komi aftur inn í fangelsin. Þess vegna er mikilvægt að innleiða bretrunarstefnu, svo þessu markmiði sé náð. Krafa er að fangar sem afplána á Sogni stundi vinnu eða nám, þeir séu tilbúnir að takast á við heimilishald með jákvæðu hugarfari og í þeirri starfsemi sem fram fer. Sogn leggur áherslu á umhverfisstefnu og vinnu eftir henni (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.- b; Vernd, e.d.-a; Verndarblaðið, 2012).

Kvíabryggja er staðsett á Snæfellsnesi. Góð aðstaða er fyrir fanga til að vinna og stunda líkamsrækt en fangar framleiða ýmsar vörur, eins og skilti, bretti og ýmsar járnsmíða- og trévörur. Áður fyrr voru karlmenn vistaðir á Kvíabryggju sem skulduðu barnalífeyri og/eða meðlag, seinna meir var farið að vista fanga sem höfðu fengið refsidóm með meðlagsföngunum. Skilyrðin á Kvíabryggju eru að fangar séu tilbúnir til að takast á við vímuefnavanda sinn, ef hann er til staðar eða hefur verið til staðar, og að þeir fari eftir endurhæfingaráætlun, einnig að þeir stundi nám eða vinnu. Helstu verkefni á Kvíabryggju eru að sjá um búskap, fangar sjá meðal annars um sauðfé, viðhald, þrif og önnur verkefni sem koma upp (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-b; Ríkisendurskoðun, 2010).

Einstaklingar sem hafa fengið það tækifæri að afplána hluta dóms síns í opnu fangelsi hafa flestir afplánað dóm í lokuðu fangelsi áður, en þó ekki allir. Áður fyrr afplánuðu aðeins einstaklingar dóm sinn í opnu fangelsi ef þeir höfðu fengið dóm fyrir lítilvæg brot en í dag fá einstaklingar að afplána dóm í opnu fangelsi með mismunandi brot að baki. Mikilvægt er að efla betrunarstefnuna varðandi opnu úrræðin hér á landi og gera námið aðgengilegra þar. Samkvæmt eigindlegri rannsókn, sem gerð var hér á landi, tóku nokkrir fangar ekki við þeim kostum að geta flutt sig í opið úrræði vegna þess að aðgengi að námi og námsráðgjafa var verra í opnu úrræðunum og einnig var lengra fyrir aðstandendur þeirra að fara til að heimsækja þá. Þetta eru þættir sem þarf að betrumbæta í opnu fangelsi til að stuðla að frekari betrun og gefa öllum föngum jöfn tækifæri, sama í hvaða fangelsi þeir afplána dóm sinn (Drífa B. Gunnlaugsdóttir, 2012; Verndarblaðið, 2012).

6.3 Áfangaheimilið Vernd

Áfangaheimilið Vernd er staðsett í Laugardalnum. Um er að ræða stórt einbýlishús og eru plássin á Vernd oftast fullnýtt á hverjum tíma. Samkvæmt, 31.gr laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga, er afplánun á áfangaheimilinu Vernd hluti af afplánun fangelsisrefsinga utan fangelsis. Fanginn dvelur á sérstakri stofnun eða heimili og er undir eftirliti starfsmanna. Einstaklingar geta dvalið í allt að tólf mánuði á Vernd. Reynt er að gera heimilið sem minnst stofnanavætt, svo fangarnir sem þar dvelja, upplifi húsnaðið sem heimili sitt. Á Vernd er einstaklingum sem þar dvelja veittur fjölbreytilegur stuðningur eftir þörfum. Þó er alltaf einhver hluti fanga sem kýs að ljúka afplánun sinni í lokuðu fangelsi af þeim sökum hversu strangar reglur og skilyrði gilda á Vernd, og þeir geta ekki uppfyllt þau. Fangar sem dvelja þar þurfa að vera annaðhvort í starfsendurhæfingu, vinnu eða námi. Það getur reynst erfitt fyrir þennan hóp að finna sér vinnu. Fangarnir þurfa að fara eftir útivistarreglum, auk þess þurfa þeir að vera áfengis- og vímuefnalausir. Þetta hjálpar föngunum að aðlagast samfélaginu í skrefum áður en þeir losna alveg út. Fangarnir sem dvelja á Vernd sjá um allan kostnað af fæðu og húsnaði, þess vegna hafa ekki allir tækifæri til að nýta sér úrræðið. Skilyrðin sem einstaklingar þurfa að falla undir til að fá tækifæri til þess að ljúka afplánun sinni á Vernd er að þeir hafi engin önnur ólokin dómsmál í kerfinu. Að þeir hafi hegðað sér vel síðustu sex mánuði og ekki gerst sekir um agabrot. Ef fangi hefur strokið á afplánunartíma sínum skulu líða um tvö ár þar til hann getur uppfyllt skilyrðin til að dveljast á Vernd aftur, sama gildir ef einstaklingur hefur áður dvalið á Vernd (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-c; Ríkisendurskoðun, 2010; Vernd, e.d.-c; Vernd, e.d.-d).

Vikulega hittist ákveðin húsanevnd og ræður bæði málefni áfangaheimilisins og fer yfir umsóknir þeirra sem hafa sótt um að dvelja þar og ákveðið er hverjar skuli samþykkja. Enginn önnur sambærileg úrræði eru í boði á Íslandi, en það mætti fjölga slíkum úrræðum til að svara aukinni eftirspurn að opnum úrræðum. Ábótavant er að það vantar sérhæfð úrræði fyrir einstaklinga með geðsjúkdóma eða fíknis- og hegðunarvanda í samfélaginu, og er það eitthvað sem þyrfti að skoða frekar í þróun úrræða í framtíðinni (Vernd, e.d.-c; Vernd, e.d.-d).

Þegar fangar ljúka afplánun á Vernd býðst þeim viðeigandi aðstoð sem snýr að húsnaðisleit, meðferð eða fjárhagsaðstoð. Að lokinni afplánun eru því flestir komnir

með húsnæði eða húsaskjól en þeir sem hafa ekki enn náð að útvega sér það geta óskað eftir því að vera lengur á Vernd meðan þeir finna sér húsnæði (Vernd, e.d.-d).

6.4 Rafrænt eftirlit

Ákveðin nýjung er í úrræðum Fangelsismálastofnunar, sem hefur markað ákveðna framför í fangelsismálum á Íslandi, og tók í gildi árið 2011 þegar breytingar urðu á lögum um fullnusta refsinga. Breytingin gerði einstaklingum, sem afplána dóm í fangelsi, kleift að afplána seinasta hlut dóms síns heima hjá sér, en undir eftirliti. Rafrænt eftirlit er afplánun sem fer fram fyrir utan vegg fangelsis. Rafrænt eftirlit er „afplánun dómþola utan fangelsis þar sem hann hefur á sér búnað svo að unnt sé að fylgjast með ferðum hans“. Rafrænt eftirlit er oft síðasti þátturinn í ferli afplánunar áður en fanginn fer á reynslulausn. Ekki er hægt að afplána heilan dóm á rafrænu eftirliti heldur einungis síðasta hluta dóms. Þeir sem geta afplánað hluta af dómi sínum undir rafrænu eftirliti eru brotþolar sem hafa fengið tólf mánaða óskilorðsbundinn dóm eða lengri. Þeir þurfa að uppfylla skilyrði 33.gr laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga. Helstu skilyrðin er að fangi telst hæfur til að afplána hluta af dómi sínum undir rafrænu eftirliti, hann hafi fasta búsetu og að forsjáráðili, nánasti aðstandandi eða húsráðandi samþykki að fanginn dvelji undir rafrænu eftirliti á dvalarstað þeirra. Önnur skilyrði eru að honum beri að sinna vinnu, námi eða öðrum verkefnum, eins og sjálfböðaverkefnum sem Fangelsismálastofnun ber að samþykkja og er hluti af betrun og aðlögun að samfélaginu. Auk þess þarf fanginn að falla undir þau skilyrði að hafa ekki brotið nein skilyrði né reglur í rafrænu eftirliti seinustu þrjú ár. Einstaklingurinn eða fangi í þessu tilviki fær samþykktan dvalarstað hjá Fangelsismálastofnun, sem er að öllu jöfnu heimili fangans. Fanginn er skyldugur til að vera með ökklaband á sér, svo hægt sé að fylgjast með honum og staðsetningu hans. Eftirlitið fer fram af Fangelsismálastofnun og Öryggismiðstöðinni. Einstaklingar sem afplána hluta af dómi sínum undir rafrænu eftirliti ber skylda að fara eftir ákveðnum fyrirfram settum reglum. Ein af meginreglum um rafrænt eftirlit er að einstaklingur skuli dvelja á heimili sínu á kvöldin og á næturnar. Ef fangi er gómaður fyrir brot á reglum um rafrænt eftirlit er möguleiki að hann þurfi að afplána restina af dómnum í fangelsi. Kostir með rafrænu eftirliti eru að þeir spara fangelsismálakerfinu allt að 55 milljónir á ári og er ódýrasta úrræðið á vegum

Fangelsismálastofnunar (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-d; Vernd, e.d.-d; Rafrænt eftirlit fanga sparar tugi milljóna, 2014; Lög um fullnustu refsinga nr. 15/2016).

Félagsráðgjafi fer með eftirlit einstaklinga undir rafrænu eftirliti í formi reglulegra samskipta, fylgist með afskiptum lögreglu af fólki sem er undir rafrænu eftirliti og veitir því stuðning. Talið er að rafrænt eftirlit stuðli þannig að betrun ef fanginn missir ekki tengsl við fjölskyldu- og vini. Auk þess getur hann enn stundað atvinnu sína samhliða því að afplána dóm sinn. Rafrænt eftirlit kemur einnig í veg fyrir að einstaklingur, sem hlotið hefur dóm, falli í rangan félagsskap eftir að hann hefur afplánað dóm sinn í fangelsi. En það er einn þáttur sem er talinn draga úr betruninni því stundum leiðir það í kjölfarið til harðari afbrota (Birna Stefánsdóttir, 2016). Fangelsisyfirvöld á Norðurlöndunum líta á rafrænt eftirlit sem ákveðna þróun í sögu fullnustu refsinga en sé ekki til þess gert að takast á við skort á fangelsisrýmum, eins og stjórnvöld hér á landi horfa á úrræðið (Ríkisendurskoðun, 2010; Maschi, Bradley og Ward, 2009).

6.5 Reynslulausn

Samkvæmt lögum um fullnustu refsinga nr. 15/ 2016 er reynslulausn „skilorðsbundin eftirgjöf hluta refsinga“. Fangar geta fengið tækifæri til þess að fara á reynslulausn þegar þeir hafa afplánað um helming af dómi sínum eða tvo þriðju hluta hans. Fangar sem eru 21 árs eða yngri geta sótt um reynslausn fyrr, eða þegar þeir hafa afplánað þriðjung af dómi sínum. Einstaklingur hefur ekki möguleika á að fara á reynslulausn áður en afplánun á dómnum hefst heldur þarf hann að hafa lokið ákveðnum hluta dóms. Fangi sem afplánar fyrsta eða annan dóm sinn fyrir minniháttar brot fær oftast tækifæri til að fara á reynslulausn eftir að hann hefur afplánað um helming af dómi sínum en fyrir alvarlegri brot þriðjung af honum. Fangi getur verið á reynslulausn í allt að fimm ár en algengast er að hann sé í eitt til þrjú ár á reynslulausn (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-g).

Skilyrði fyrir reynslulausn skiptast í tvennt, almenn skilyrði og sérskilyrði. Almenn skilyrði eru þau sem allir fara á, það er einstaklingur má ekki brjóta af sér á tímabilinu sem hann er á reynslulausn, auk þess þarf hann að haga sér vel og ná að framfæra sér. Sérskilyrði eru sérstök skilyrði sem eru sett hverjum og einum. Þeir sem fara á sérskilyrði eru oft einstaklingar sem hafa framið alvarleg brot eða þau sem hafa verið mikið í

kastljósi fjölmiðla og þjóðin þekkir til. Auk þess ef hann hefur framið brot undir áhrifum vímuefna þá getur Fangelsismálastofnun sett þau sérskilyrði að það megi taka sýni úr honum þegar hentar. Ef fangi brýtur skilyrðin á hann á hættu að þurfa að fara aftur inn í fangelsi. Önnur skilyrði snúa að því að einstaklingurinn sé háður umsjón og eftirliti, hann neyti ekki áfengis né annarra vímuefna, fari eftir fyrirmælum umsjónaraðila um dvalarstað, hann vinni, sé í námi, og sé virkur. Hann umgangist aðra einstaklinga og hafi á sér búnað. Ef fangi brýtur skilyrðin sem eru sett um reynslulausn þá á hann á hættu að þurfa að ljúka afplánun sinni í fangelsi. Talið er að reynslulausn dragi úr áframhaldandi afbrotum eftir að afplánunni lýkur, sem segir að reynslulausn styðji við betrun fanga (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-g; Maschi, Bradley og Ward, 2009).

6.6 Samfélagsþjónusta

Samfélagsþjónusta er samkvæmt skilgreiningum laganna um fullnustu refsingu „afplánun óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar eða vararefsingar með skyldubundnu ólaunuðu starfi í þágu samfélagsins sem dómþoli sinnir utan fangelsis“. Einstaklingur sem hefur verið dæmdur í allt að tólf mánaða óskilorðsbundið fangelsi hefur rétt á að taka út refsingu sína með ólaunaðri samfélagsþjónustu, ef ekkert mælir gegn því. Fangelsismálastofnun hefur rétt á því að ákveða hluta af samfélagsþjónustunni í formi viðtalsmeðferða eða annarra námskeiða. Ef einstaklingur fær hluta af dómi sínum skilorðsbundinn, má dómurinn ekki nema lengur en tólf mánuði samtals, bæði af óskilorðsbundnum og skilorðsbundnum dómi til þess að einstaklingur fái tækifæri til að afplána dóm sinn í formi samfélagsþjónustu. Einstaklingur sem fær dóm fyrir fésekt sem er 100.000 kr. eða hærri, getur fengið tækifæri til að borga skuld sína til baka í formi samfélagsþjónustu ef innheimtuaðilar sjá ekki fram á að hann geti borgað skuldina í öðru formi. Sá sem fer með hlutverk innheimtuaðila er Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra. Samfélagsþjónusta var fyrst tekinn í gildi árið 1995 hér á landi (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-h; Lög um fullnustu nr. 15/2016; Ríkisendurskoðun, 2010).

Skilyrðin til að afplána dóm í formi samfélagsþjónustu eru að viðkomandi þurfi að sækja um hjá Fangelsismálastofnun til að fá að afplána dóm, ekki seinna en sjö dögum áður en hann á að hefja afplánun sína. Þeir sem fá dóm fyrir fésekt skila inn umsókn sjö dögum eftir að þeim hefur verið birt ákvörðun um refsingu. Önnur skilyrði

eru að það liggi ekki fyrir önnur ólokin mál hjá lögreglu eða í dómsmálakerfinu. Að einstaklingur sé hæfur til samfélagsþjónustu og það er metið með athugun á hegðun hans, auk þess að hann afpláni ekki fangelsisrefsingu eða gæsluvarðhald. Einstaklingur má sinna námi eða annarri atvinnu samhliða samfélagsþjónustunni. Fangelsismálastofnun fer með eftirlit og það er gert með reglulegu eftirliti á vinnustaði fanga. Ef fangi brýtur skilyrðin sem talin eru upp hér að ofan getur hann átt í vændum að þurfa að klára afplánun inn í fangelsi. Brot á skilyrðum eru ef einstaklingur mætir til dæmis ekki til vinnu eða brýtur af sér meðan hann sinnir samfélagsþjónustu. Ef brot hans eru ekki alvarleg eða ekki ítrekuð getur Fangelsismálastofnun veitt honum áminningu (Lög um fullnustu nr. 15/2016; Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-h; Ríkisendurskoðun, 2010).

Samkvæmt Fangelsismálastofnun hefur samfélagsþjónusta sem úrræði gefið góða raun og eru minni líkur á að einstaklingur, sem hefur nýtt sér hana sem úrræði, skili sér í fangelsi aftur eða hann fremji annað afbrot. Endurkomutíðni fanga á Íslandi sem afplána dóm sinn í samfélagsþjónustu er minni en á hinum Norðurlöndunum. Þess vegna má segja að samfélagsþjónusta sé gott úrræði til að nýta með föngum, þar sem aukin áhersla hefur verið lögð á betrunarstefnu í fangelsisvist á Íslandi (Ríkisendurskoðun, 2010).

6.7 Meðferðarheimilið Hlaðgerðakot

Til að fjölga vistunarúrræðum utan fangelsis hefur Fangelsismálastofnun gert samning við aðrar stofnanir og samtök eins og Hlaðgerðakot. Þau taka að sér fanga sem uppfylla ákveðin skilyrði til að afplána í opnu úrræði. Sýnt hefur verið fram á að opin úrræði skili meiri árangri í átt til betrunar fanga og að hann aðlagist samfélaginu eftir fangelsisvist. Fáir fangar hafa brotið reglur opnu úrræðanna. Tilvalið er að fjölga opnum úrræðum til að minnka biðlista og til að huga meira að betrun fanga. Á Hlaðgerðakoti eru fangar vistaðir sem fara í áfengis- og vímuefna meðferð. Hlaðgerðakot er elsta starfandi meðferðarheimili landsins. Meðferðin sem fer þar fram er allt frá sex vikum og upp í þrjá mánuði að lengd. Á Hlaðgerðakoti dvelja bæði karlar og konur. Þar fá þau tækifæri til að vinna í sínum málum með hjálp fagaðila og stuðlað er að jákvæðu líferni. Það hjálpar þeim þegar þau koma svo aftur út í samfélagið (Ríkisendurskoðun, 2010; Samhjálp, e.d.).

7 Mikilvægi starfa félagsráðgjafa í fangelsum á Íslandi

Aðgengi að fagaðilum í fangelsismálakerfinu er slæmt sökum fámennis. Þar starfa aðeins tveir félagsráðgjafar og þrír sálfræðingar, sem er ekki nægur mannaflí til að uppylla skyldur um betrun fanga samkvæmt lögum (Lög um fullnustu refsinga nr. 15/2016). Þegar allt er talið eiga fagaðilar að sinna um 600 einstaklingum, það er föngum innan fangelsa, þeirra sem eru á rafrænu eftirliti og á reynslulausn og þeirra sem sinna samfélagsþjónustu. Félagráðgjafarnir heimsækja Hólmsheiði og Litla Hraun vikulega og Sogn aðra hvora viku. Engir fastir tímar eru á viðveru félagsráðgjafa á Kvíabryggju og í Fangelsinu á Akureyri. Félagráðgjafarnir, sem starfa á vegum Fangelsismálastofnunar, þurfa því að forgangsraða og þeir fangar sem eru í lokuðu fangelsi fá meiri þjónustu en þeir sem eru í opnu fangelsi. Samkvæmt siðareglum félagsráðgjafa er æskilegt að þeir hafi yfirsýn? beiti heildarsýn á verkefni sín, sem eru fjölbreytt á sviði Fangelsismálastofnunar. En markmið félagsráðgjafa, samkvæmt siðareglunum, eru að vinna að lausn bæði félagslegra – og persónulegra vandamála og reyna að koma í veg fyrir félagslegt misrétti. Vinna félagsráðgjafa felst auk þess í því að sporna gegn mannréttindabrotum og eiga þeir að hafa trú á getu einstaklings til að nýta hæfileika sína til fullnustu. Félagráðgjafar vinna eftir kenningum til að koma til móts við þetta. Mikilvægt er að fangar fái aðgang að fagaðilum til þess að gera þeim kleift að vinna í sjálfum sér og styrkja sjálfsmýnd sína, sjálfstraust og sjálfsþroska áður en út í samfélagið er komið aftur. Auk þess er mikilvægt að viðhalda þeim eiginleikum sem viðkomandi hefur tileinkað sér eftir fangelsisvistina og því er einnig mikilvægt að fagaðilar, eins og til dæmis félagsráðgjafar, sinni eftirfylgni með einstaklingum sem hafa losnað út úr fangelsi. Verkefni félagsráðgjafa hjá Fangelsismálastofnun eru meðal annars í formi einstaklingsviðtala, námskeiða, að sinna hópfræðslu, ráðgjöf innan Fangelsismálastofnunar og að eiga samskipti við til dæmis barnavernd, þegar það á við, og margt fleira. Þörfin fyrir fagaðilum í fangelsismálakerfinu hefur aukist vegna þess að dómar hafa lengst og alvarleg sálfræðileg og félagsleg vandamál hafa aukist meðal fanga, en kerfinu skortir fjármagn til að geta sinnt öllum þeim verkefnum sem liggja fyrir. Ef við berum okkur saman við land eins og Danmörk þá er einn félagsráðgjafi þar starfandi á hverja tuttugu fanga sem afplána dóm og fá þeir því í kjölfarið betri og persónulegri þjónustu en fangar hér á landi. Staðan á Íslandi er þannig að tveir félagsráðgjafar vinna á vegum Fangelsismálastofnunar og eiga að sinna um 600

einstaklingum sem eru í fangelsismálakerfinu hér á landi (Embætti landlæknis, e.d.; Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d-f; Guðmundur Ingi Þóroddsson, 2017; Þingskjal 144/2014-2015. Svar innanríkisráðherra).

Mikilvægt er að bjóða föngum upp á heildstæða þjónustu og stuðning til að hjálpa þeim að aðlagast samfélaginu að nýju. Mikilvægt er að þeir njóti virðingar og haldi mannlegri reisn. Til þess að svo sé hægt er mikilvægt að samstarf ríki á milli kerfanna og fagaðila og að þeir vinni saman. Ef skortur er á virðingu í þverfaglegu starfi hefur ágreiningurinn og skorturinn neikvæðar afleiðingar í för með sér á fangann. Í mörgum tilvikum á einstaklingur erfitt með að fóta sig í samfélaginu þegar hann hefur lokið afplánun vegna þess að fangelsisvistin gerir honum erfitt fyrir, til dæmis hvað varðar atvinnu- og húsnæðisleit vegna fordóma í samfélaginu. Auk þess sem fangavistin dregur úr félagslegum tengslum fangans og tækifærinu til aðlögunar að samfélaginu. Leitað er eftir að finna leiðir til þess að hjálpa föngunum að aðlagast samfélaginu, sem skilar sem bestum árangri, og þar eru félagsráðgjafar mikilvægir. Þeir geta aðstoðað fanga til sjálfshjálpar og undirbúið þá til að takast á við verkefnin sem bíða þeirra út í samfélaginu. Þess vegna er mikilvægt að fangar fái endurhæfingu á meðan á fangelsisvistinni stendur af fagaðilum. Mikilvægt er að fangar eigi greiðan aðgang að björgum samfélagsins og félagsráðgjafar geta hjálpað þeim að nýta sínar bjargir og að finna þær eins og húsnæði, atvinnu, vímuefnaferð og menntun. Með því minnka líkurnar á endurkomu í fangelsin (Spohn, Holleran, 2002; Swaaningen, 1997).

8 Umræða og lokaorð

Markmið með ritgerðinni var að skoða betrun í fangelsismálakerfinu á Íslandi. Rannsóknarspurningarnar sem lagt var upp með voru: Er betrunarstefna lykillinn að árangri fangelsisvistar á Íslandi? Er þörfum fanga á Íslandi mætt með betrun í huga? Og eru félagsráðgjafar mikilvæg stétt til að hjálpa föngum að mæta þörfum sínum til að hjálpa þeim að fóta sig í framhaldinu í samfélaginu? Sérstaklega var skoðað hvernig betrunarstefnan er hér á landi, hvaða betrun felst í hverju úrræði fyrir sig og hvar aðstoð væri þörf á aðstoð félagsráðgjafa? og hversu mikið þeir væru til staðar fyrir fangana nú þegar. Auk þess að sýna hversu mikilvæg störf félagsráðgjafa eru í fangelsismálakerfinu til að stuðla að aukinni betrun og viðhalda þeirri betrunarstefnu sem er í þróun hér á landi.

Ákveðnar hugmyndir um fangelsisvist hafa verið til staðar yfir langan tíma í samfélaginu. Gömul mýta hefur verið uppi að fangelsi eigi að vera geymslustaður og þar eigi refsing að fara fram og að afbrotamenn eigi ekkert gott skilið þar sem þeir ákváðu að brjóta af sér. Þetta viðhorf til afbrotamanna er enn við lýði hjá mörgum sem tilheyra eldri kynslóðinni. En með aukinni þekkingu og fræðslu hefur umræðan í samfélaginu um fangelsisvist breyst og þróast meira í áttina að mikilvægi betrunar og að gera einstaklinga betri þegar þeir koma aftur út í samfélagið. Því allir losna einn daginn úr fangelsisvistinni og þá er spurning hvort samfélagið sé gert kleift taka við þeim sem betri einstaklingum? eða að þeir brjóti af sér aftur. Allir eru hluti af samfélaginu og við verðum að vinna í sameiningu að því að stuðla að betrun þess og halda samfélagsheild (Afstaða, 2014; Birna Stefánsdóttir, 2016).

Niðurstöður ritgerðarinnar sýna að með breytingu löggjafarinnar um fullnustu refsinga var lögð áhersla á betrunarstefnu og á hugtakið betrun, en því hefur ekki verið fullnægjandi mætt í fangelsismálakerfinu. Það er ekki nóg að hafa það skrifað á blaði heldur þarf það einnig að vera sýnilegt í framkvæmd. Samkvæmt erlendum rannsóknum hefur það sýnt sig að ef lögð er áhersla á betrun í fangelsismálakerfinu eykur það líkurnar á betri árangri fanga að aðlagast samfélaginu, þeir skili sér síður aftur inn í fangelsin. Reynt hefur verið að leggja áherslu á nám innan veggja fangelsa hér á landi, en samkvæmt íslenskum rannsóknum hafa einstaklingar sem afplána dóm minni menntun í samanburði við aðra í samfélaginu. Með því að leggja áherslu á menntun

getur það hjálpað einstaklingnum að fá betri vinnu og laun þegar út í samfélagið er komið, sem stuðlar þannig að betruninni. En nám og vinna er ekki eitt og sér nóg til að stuðla að betrun, það þarf einnig að vinna með einstaklingnum og vandamálum hans. Mikilvægt er því að fangar hafi aðgang að fagaðilum, til dæmis félagsráðgjöfum. Því menntun þeirra og starfshættir hjálpa föngum að vinna í sjálfum sér, til að þeir nái að vinna úr afbrotinu og haldi sambandi við fjölskyldu og vini sem getur hjálpað þeim þegar út í samfélagið er komið aftur. Að þeir viðhaldi jákvæðri hegðun. Sú sýn er að vistfræðikenningin henti vel í störfum félagsráðgjafan En hún byggist á þeirri heildarsýn sem er lykilhugtak í vinnu þeirra, en þar er horft á einstaklinginn út frá öllu umhverfi hans. Félagsráðgjafar henta því vel í vinnu með föngum. Þeir vinna með allt umhverfi hans og tengingar hans við það og hjálpa honum þegar út í samfélagið er aftur komið til að viðhalda þeim tengslum. Samkvæmt valdeflingakenningunni þá er unnið með tilfinningar einstaklingsins og honum er kennt að stjórna þeim, og að sinna sínu hlutverki sem virtur þjóðfélagsþegn, sem er undirstaða fyrir fanga þegar þeir koma út í samfélagið aftur. Með styrkleika- og lausnamiðuðu kenningunni er horft á styrkleika í umhverfi einstaklingsins og fundin er lausn á vandamálinu. Þess vegna er mikilvægt að fangar hafi aðgang að félagsráðgjöfum því menntun þeirra nýtist vel í vinnu með þeim. Aðeins tveir félagsráðgjafar starfa hjá Fangelsismálastofnun og ná þeir ekki að sinna öllum fangelsum landsins og öllum þeim sem eru í opnum úrræðum. Af þeim sökum standa þeir frammi fyrir því að þurfa að forgangsraða betur hvaða einstaklingum þeir sinna, sem er ósanngjarnt hvað aðra fanga viðkemur. Það þurfa allir að fá tækifæri að hafa aðgang að félagsráðgjöfum og öðrum fagaðilum til að vinna í sínum málum sem stuðlar þannig að betruninni. Í Danmörku sinnir einn félagsráðgjafi 20 föngum en hér á landi eru tveir félagsráðgjafar á um 600 fanga. Það væri æskilegt að auka stöður fagaðila í fangelsismálakerfinu á Íslandi til að stuðla að aukinni betrun, en til þess að það sé hægt þarf meiri fjármagn í málaflokkinn. Það má segja að félagsráðgjafarnir, sem starfa á vegum Fangelsismálastofnunar, nái ekki að mæta þörfum allra fanga vegna mikillar eftirspurnar eftir þeim og lítils framboð þeirra (Chappell, 2004; Healy, K., 2014; Inga Guðrún Kristjánsdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir, 2010; Lög um fullnustu refsinga nr.15/2016; Ríkisendurskoðun, 2010; Vacca, 2004).

Lokuð og opin úrræði, sem voru til umræðu hér að ofan, standa öll til boða fyrir fanga, en þeir eiga samt sem áður ekki val hvar þeir vilja afplána dóm sinn, heldur er

þeim úthlutað eftir aðstæðum og hegðun úrræðum. Opnu úrræðin hafa verið í þróun hér á landi og erum við komin nokkrum skrefum lengra, en alltaf er hægt að gera enn betur. Til dæmis er rafrænt eftirlit nýlegt úrræði á vegum Fangelsismálastofnunar og hefur það sýnt góðan árangur enn sem komið er. En við getum samt ekki alveg sagt til um árangurinn að fullu fyrr en nægileg reynsla er komin. Auk þess hafa lög verið rýmkuð með nýju lögnum varðandi opnu úrræðin og því eiga fleiri kost á því að afplána dóm sinn í slíku úrræði á Íslandi ef þeir standast þau skilyrði sem sett eru. Auka þyrfti valkosti varðandi betrun og aðgengi að fagaðilum í úrræðum á vegum Fangelsismálastofnunar en ekki einungis með því að leggja aðeins áherslu á vinnu og nám, því það eitt og sér er ekki nóg. Vinna þarf með einstaklinginn í heild og tilfinningar hans. Það má segja að úrræðin sem boðið er upp á hér á landi mæti þörfum fanga ekki nægilega vel og þyrfti að efla frekar opnu úrræðin þar sem þau hafa sýnt mestan árangur. En erfiðara er að sækja þjónustu fagaðila þar og takmarkaðri aðgengi er að námsráðgjöfum. Við gætum horft meira til Norðurlandanna og velgengi þeirra að innleiða betrunarstefnu í fangelsismálum þar í landi (Lög um fullnustu refsingu nr.15/2016; Ríkisendurskoðun, 2010).

Mikilvægt er að halda áfram að þróa fangelsismálakerfið hér á landi, ef horft er til Noregs er boðið þar upp á til dæmis lítil einingarhús sem úrræði, sem hver fangi hefur aðgengi að og býr í. Mikilvægt er einnig að auka rannsóknir á þessu sviði hér á landi til að sjá betur árangurinn sem hlýst af betruninni sem við bjóðum upp. Rauði krossinn í Noregi fór af stað með verkefni fyrir tíu árum þar sem einblínt var á fanga í afplánun og eftir hana með það að markmiði að efla stuðningsnet fanganna. Það að fangi fái aðstoð við að efla stuðningsnet sitt hjálpar honum að aðlagast samfélaginu betur á ný og kemur í veg fyrir að hann brjóti af sér aftur og skili sér aftur inn í fangelsið. Í Noregi er endurkomutíðni meðal fanga lægst í öllum heiminum, úrræði sem í boði eru varðandi betrun þar í landi skilar greinilega einhverjum árangri. Verkefnið þar er sinnt af sjálfboðaliðum á vegum Rauða krossins. Sjálfboðaliðar heimsækja fangann meðan á afplánun stendur og halda áfram sambandi við hann þegar fanginn losnar út úr fangelsinu. Sjálfboðaliðinn hjálpar fanganum við atvinnuleit, húsnæðisleit og aðstoðar hann við fjármagn og fleira (Rauði krossinn, 2016).

Út frá niðurstöðum þessarar ritgerðar er höfundu ljóst að það mætti draga þá ályktun að aðstæður fanga á Íslandi hafa skánað til mikilla muna en þó eigum við enn langt í land í samanburði við nágrannalönd okkar. Bæta þarf aðbúnað fanga að aðgengi fagaðila, auk þess þarf að stytta biðlista einstaklinga til að þeir geti hafið afplánun dóma sinna. Stuðla má að aukinni betrun en eingöngu með vinnu og námi, eins og að auka aðgengi að úrræðum sem snúa að fanganum sjálfum og hans vandamálum. Málefni fanga hafa verið lítið rannsökuð á Íslandi en aukning hefur orðið þar á á undanförunum árum og vonandi heldur sú þróun áfram. Fróðlegt væri að skoða hversu margir fangar hafa fengið aðgengi að félagsráðgjafa eða slíkri þjónustu hjá fagaðila á einhverjum tímapunkti afplánunar. Einnig væri áhugavert að skoða hvernig fangarnir sem hafa verið í opnu úrræði hafa náð að fóta sig í daglegu lífi í dag í samanburði við þá sem hafa aðeins afplánað dóm í lokuðu úrræði. Ásamt því að skoða þá sem hafa fengið aðstoð félagsráðgjafa í samanburði við þá sem ekki hafa notið aðstoðar þeirra. Hvort þeir sem hafa fengið bæði vistunar- og meðferðaáætlun og aðstoð félagsráðgjafa skili sér síður inn í fangelsin aftur á Íslandi eða hvort það sé enginn munur á þeim sem fá aðstoð fagaðila eða ekki. Áður fyrr var mikið feimnismál að tala opinberlega um fangelsismál og afbrotamenn. Í dag hefur þetta breyst og umræðan um þetta málefni er alltaf að verða opnari og meiri og aukin áhersla hefur verið lögð á mikilvægi þess að hjálpa þessum einstaklingum frekar en að loka þá inni og refska þeim. Segja má því að betrun sé lykillinn að árangri ef vel gengur.

Tara Ósk Jóhannsdóttir

Heimildaskrá

- Afstaða. (2014, nóvember). Mannúðar- og betrunarstefna. Sótt af <http://www.afstada.is/stefnumotun.html>
- Andrews, D. A. og Bonta, J. (2010). *The Psychology of Criminal Conduct (5.útgáfa)*. New York: Routledge.
- Birna Stefánsdóttir. (2016). Betrunarstefna eða refsingarvist? Í íslenskum lögum er hvergi minnst á betrun. *Stúdentablaðið*. Sótt af <http://www.studentabladid.com/efni/2016/3/12/betrunarstefna-eda-refsingarvist>
- Berns, R. (2007). *Child, Family, school, community: socialization and support. (7. Útgáfa)*. Belmont: Thomson/ wadsworth.
- Bogi Ragnarsson og Helgi Gunnlaugsson. (2007). Menntun, menntunarbakgrunnur og námsáhugi íslenskra fanga. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/rannsokn_menntun_fanga.pdf
- Chappell, C. A. (2004). Post-secondary correctional education and recidivism: A metaanalysis of research conducted 1990–1999. *Journal of Forensic Psychiatry, 9*, 39–57.
- Chris Beckett og Hilary Taylor. (2011). *Human Growth and Development*. London: Sage publications Ltd.
- Drífa B. Gunnlaugsdóttir. (2012). *Aldrei aftur: Betrun eftir afplánun í fangelsi*. (Óútgefin meistararitgerð). Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/10419/1/MA%20prenta.pdf>
- Durkheim, E. (1951). *Suicide: a study in sociology*. London: Routledge.
- Embætti landlæknis. (e.d.) Siðareglur félagsráðgjafa. Sótt af <https://www.landlaeknir.is/gaedi-og-efirlit/heilbrigdisstarfsfolk/starfsleyfi/sidareglur/item13340/>
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.-a). Fangelsismálastofnun. Sótt af <http://www.fangelsi.is/fangelsimalastofnun/>
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.-b). Fangelsið Sogni. Sótt af <http://www.fangelsi.is/fangelsin/sogn/>
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.-c). Áfangaheimilið Vernd. Sótt af <http://www.fangelsi.is/afplanun/vernd/>
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.-d). Fangelsið Hólmsheiði. Sótt af <http://www.fangelsi.is/fangelsin/holmsheidi/>

- Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.-e). Fangelsið Litla Hraun. Sótt af <http://www.fangelsi.is/fangelsin/litla-hraun/>
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.-f). Þjónusta í fangelsi. Sótt af <http://www.fangelsi.is/afplanun/afplanun-i-fangelsi/>
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.-g). Reynslulausn. Sótt af <http://www.fangelsi.is/afplanun/reynslulausn/>
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.-h). Samfélagsþjónusta. Sótt af <http://www.fangelsi.is/samfelagsthjonusta/>
- Farley, O.W., Smith, L.L. og Boyle, S.W. (2006). *Introduction to social work* (10.útgáfa). Boston: Allyn & Bacon.
- Fong, R. (2004). Contexts and Environments for culturally competent practice, *Culturally Competent Practice with Immigrant and Refugees Children and Families*. New York: The Guilford Press.
- Garcia, B. (2008). *Theory and Social Work Practice With Immigrant Populations, Social Work with Immigrants and Refugees*. New York: Springer Publishing Company.
- Guðmundur Ingi Þóroddsson. (2016). Hvað er betrun? *Verndarblaðið*, 44(1), 28-29.
- Healy, K. (2014). *Social work theories in context* (2.útgáfa). Basingstoke: Palgrave Macmillan.
- Helgi Gunnlaugsson. (2008). *Afbrot á Íslandi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hreinn S. Hákonarson. (2016). Nokkrir punktar um Hólmsheiði. *Verndarblaðið*, 44(1), 14-17.
- Hunter, B.A., Lanza, A. S., Lawoe, M., Dyson, W. og Gordon, D.M. (2016). A Strengths-Based Approach to Prisoner Reentry. *International Journal of Offender Therapy and Comparative Criminology*, 60(11), 1298-1314. DOI: 10.1177/0306624X15576501
- Inga Guðrún Kristjánsdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir. (2010). „Nám er besta betrunin“: rannsókn á námi fanga í afplánun. *Netla- Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/7805/1/015.pdf>
- Íslensk orðabók. (e.d.). Sótt af <https://snara.is/>
- Kewley, S. (2017). Strength based approaches and protective factors from a criminological perspective. *Aggression and violent behavior*, 32(1), 11-18. DOI: 10.1016/j.avb.2016.11.010
- Lee, A. B. J. (1996). *Social work treatment* (4. Útgáfa). New York: The free press.

- Lee. M. Y. (2013). Solution-Focused Brief Therapy. *Encyclopedia of Social Work*. Sótt af <http://socialwork.oxfordre.com/view/10.1093/acrefore/9780199975839.001.0001/acrefore-9780199975839-e-1039?print=pdf>
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.
- Lög um fullnustu refsinga nr.15/2016.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Margrét Sæmundsdóttir. (2003). Félagsleg staða fanga og afbrot þeirra. *Ársskýrsla Fangelsismálastofnunar ríkisins, 2003*. Reykjavík: Fangelsismálastofnun.
- Margrét Tryggvadóttir. (2016). Einstaklingsmiðuð betrun? Sótt af <https://kjarninn.is/sleggjan/2016-06-14-einstaklingsmidud-betrun/>
- Maschi T., Bradley C. og Ward K. (2009). *Forensic social work: Psychosocial and Legal Issues in Diverse Practice Settings* (1.útgáfa). New York: Springer publishing company.
- Neuman.W.L. (2006). *Social Reasearch Methods; qualitative and quantitative approaches* (6.útgáfa). Boston: Allyn and Bacon.
- Payne, M. (2005). *Modern social work theory: A critical introduction* (3. útgáfa). Basingstok: Oaks.
- Páll Sigurðsson. (2008). *Lögfræðibók með skýringum*. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex.
- Rafrænt eftirlit fanga sparar tugi milljóna. (2014). *Viðskiptablaðið*. Sótt af <http://www.vb.is/frettir/rafraent-eftirlit-fanga-sparar-tugi-milljona/107425/>
- Rannveig Traustadóttir. (2006). Fötlun: Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðisviði. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Rauði krossinn. (2016). Efla þarf félagslegt stuðningsnet fanga. Sótt af <https://www.raudikrossinn.is/um-okkur/frettir/efla-tharf-felagslegt-studningsnet-fanga>
- Ríkisendurskoðun. (2010). *Skipulag og úrræði í fangelsismálum*. Reykjavík: Ríkisendurskoðun.
- Ríkislögreglustjóri. (2010). *Afbrotatölfræði 2009*. Reykjavík: Ríkislögreglustjórinn.
- Ríkislögreglustjóri. (2017). *Afbrotatölfræði 2016*. Sótt af <http://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2017/09/Afbrotat%C3%B6lfr%C3%A6%C3%B0i-2016.pdf>
- Sigríður Andersen. (2017). Bagalegt að biðlistar séu langir. *Mbl.is*. Sótt af https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/08/16/bagalegt_ad_bidlistar_seu_langir/
- Sigríður Halldórsdóttir. (2003). Efling eða niðurbrot: Kenning um samskiptahætti og áhrif þeirra. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 79(3), 10-16.

- Spohn, C. og Holleran, D. (2002). The Effect of Imprisonment on Recidivism rates of Felony Offenders: A Focus on Drug Offenders. *Criminology- an Interdisciplinary Journal*, 40(2), 329-354.
- Stjórnarráð Íslands. (2011). Alþingi samþykki frumvarp um rýmri reglur um fullnustu refsingar utan fangelsa. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2011/09/20/Althingi-samthykktifrumvarp-um-rymri-reglur-um-fullnustu-refsingar-utan-fangelsa/>
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.). Náðun. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/log-og-rettur/fullnusta-refsinga/nadun/>
- Sveinn Arnarson. (2017). Sálfræðingur ekki sést í fangelsinu í um tvö ár. *Vísir.is*. Sótt af <http://www.visir.is/g/2017170308974>
- Swaaningen, R. (1997). *Critical Criminology – Visions from Europe*. London: Sage Publications.
- Vacca, S. J. (2004). Educated prisoners are less likely to return to prison. *The Journal of Correctional Education*, 55(1), 297.
- Vernd.(2012). Nýtt opið fangelsi að Sogni. Verndarblaðið, 41(1) Sótt af https://issuu.com/betristofan/docs/verndarbladid_2012
- Vernd. (2008). Afplánun í fangelsum. Sótt af http://www.vernd.is/index.php?option=com_content&view=article&id=85:afplanun-i-fangelsum&catid=16&Itemid=171
- Vernd. (e.d.-a). Sogn. Sótt af http://www.vernd.is/index.php?option=com_content&view=article&id=53&Itemid=149
- Vernd. (e.d.-b). Kvíabryggja. Sótt af http://www.vernd.is/index.php?option=com_content&view=article&id=56&Itemid=152
- Vernd. (e.d.-c). Áfangaheimilið. Sótt af http://www.vernd.is/index.php?option=com_content&view=article&id=37&Itemid=174
- Vernd. (e.d.-d). Áfangaheimilið Vernd. Sótt af http://www.vernd.is/index.php?option=com_content&view=article&id=199:afangaheimili&catid=16&Itemid=171
- Þingskjal nr. 145/ 2015-2016. Umsögn um frumvarp til laga um fullnustu refsinga.
- Þingskjal nr. 399/ 2015-2016. Frumvarp til laga um fullnustu refsinga.
- Þingskjal nr.144/2014-2015. Svar innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Páli Vali Björnssyni um afplánun í fangelsi.
- Þingskjal nr. 1153/ 2014-2015. Svar innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Helga Hrafni Gunnarssyni um vistun fanga í öryggisfangelsum og opnum fangelsum.

